



Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1899-1943, 1. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Stúdentafjelag Reykjavíkur – Kjósendafélag Reykjavíkur – Noregur – Síldveiðar – Fánamálið – Frón – Morgunblaðið – Vísir – Dagblað – Dagens Nyheder

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Benediktarskjöl

Askja 5-10, Örk 2

Morgunblaðið

Þjóðháttíðarblad

31. árgangur.

132. tbl. — Laugardagur 17. júní 1944.


Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Gísli Sveinsson, forseti sameinaðs Albingis:

JÓN SIGURÐSSON FORSETI ÞJÓÐSKÖRUNGUR ÍSLANDS

ÚRVAL MANNA með þjóðum fer engan veginn eftir stærð beirra einni saman. Fyr og síðar eru þess mörg og merkileg dæmi, að með fámennum þjóðum hafa alist afburðamenn fleiri en ætla mætti fljótt á litið. Hefir þetta verið kunnugt um allar aldir, þótt öðru hvoru rísi öldur stærilætis hjer og þar um lönd fyrir sakir fólksmergðar og auðmagns eða herafla. Grikkir hinir fornu, smáir þjóðflokkar — Spartverjar og Aþenumenn — hafa vegna fjölmargra afreksmanna sinna getið sjer ódaðlegan orðstir, sem land og lýður nýtur góðs af í aliti enn í dag. Er hjer óþarf að greina fleira, sem veraldarsagan þó getur oft og mörgum sinnum.

Eigi þurfum vjer Íslendingar að draga neina dul á það, að frá upphafi bygðar lands vors hefir þjóðin átt marga ágætismenn i sjón og reynd, sem mikilhæfir hefðu þótt hvar um lönd sem var, og eigi síður mörg mannsefni að hæfileikum, sem eigi fengu notið sín sem skyldi hjer úti á hala veraldar. En um slikt ber nú eigi að fást. Um hitt munu svo sem allir Íslendingar sammála nú (og er það ef til vill einstakt fyrirbrigði), að Jón Sigurðsson hafi á ýmsa lund verið einn mestur maður af þeirra bergi brotinn á síðustu öldum, mentamaður frábær, ötull til starfa og glöggur, áhugamaður í þjóðmálum framar öllum samtíðarmönnum sínum hjerlendum og frelsisunnandi ættjarðarvinur frá því er hann fyrst hóf afskifti af almennum málum og til hinstu stundar. Og það merkilegasta var: Hann hlaut viðurkenningu landa sínna á þessu í lifanda lífi, brátt fyrir alt. Hvernig mátti það verða? Jeg hygg, að tvent beri til þess aðallega. Annað var það, að hann var maður svo lærdur í sögu þjóðarinnar, kunni svo óræk skil á einkennum hennar fyr og síðar, að enginn gat talist honum jafnvígur á þau efni á hans tíma. Yfirburðir hans þar, er komu honum og málstað Íslands að svo ómetanlegu gagni á stjórnmalaskilnaðar við Danmörku fullkomnast og lýðveldi gengur í garð á Íslandi — sem að vissu leyti er endurreisin hins forna íslenska þjóðveldis — ber fremst allra manna að minnast Jóns Sigurðssonar. Íslendingar hafa helgað afmælisdegi hans þessa miklu viðburði, er standa munu meðal hinna mestu í sögu þeirra um allan aldur. Er það gert til rjettmætrar minningar um æfistarfs hans, sem var óslitið brau tryðjandastarf fyrir frelsi landsins og sjálfstæði þjóðarinnar, og hin sanna undirstaða þess, sem nú er að gerast.



Jón Sigurðsson, forseti.


fróðleik og þjóðsöguleg rök, og þótt þeim hafi stundum missýnst á þá hluti, kom það hjer rjett niður, að því er snerti Jón Sigurðsson. — Hitt, sem jeg tel, að gert hafi þenna vissulega glæsilega mann svo áhrifamikinn og vinsælan meðal svo að segja allrar íslensku þjóðarinnar meðan hann lifði, er það, að hann ól aldur sinn með annari þjóð, en vann fyrir þessa, — átti jafnvel heima hjá þeirri, er Íslendingar áttu í höggi við. Hann var búsettur í Danmörku, sem reynslan sýnir, að fyrrum gat haft öfug áhrif á menn við það, sem nú virðist algengast. Mætti styðja þetta með kvírum dæmum, sem þó telst verflaust að fara inn á hjer. En það er eins og vitað er ekki nærrí altaf, að menn sjeu viðurkendir „spámenn“ í sínu eigin föðurlandi, þótt verðskuldað væri, ef menn eru þar innan um fólkis og verða að taka daglegan þátt í öllum þess krit og smámunum. Hvernig fór lika ekki fyrir J. S. í „kláðamálinu“ alkunna, er hann tók að sjer og beitti sjer hjer innan lands fyrir ákveðnum aðgerðum í því, aðgerðum, sem voru á móti skapi fjölda manna og brutubág við það, sem þeir töldu samrýmast einkahagsmunum sínum? Hann varð á tímabili hastarlega „óvinsæll“ af því, og hefði eflaust lengi eimt eftir af því o. fl., ef hann hefði setið hjer heima. En hann ljet ekkert á sig fá — og sat í öðru landi.

Þótt það kunni að hljóma einkennilega í eyrum manna, þá var þetta líklega happ Íslandi og málfnum þess. —

Í þessum orðum, er hjer eru skráð um Jón Sigurðsson, er engin nauðsyn að rekja starfssögu hans, sem er margþaett og viðtæk, enda er til þess hjer hvorki tími nje rúm. Það hefir og oftar en einu sinni verið gert af gegnum og fróðum mönnum, og verður vissulega einnig gert með komandi kynslóðum. Gera verður ráð fyrir, að þjóðin þekki hann framar mörgum örðum. Ekki að eins æfiatriði hans í heild (nokkurur æfi-ártöl eru við niðurlag þessarar greinar), heldur og þá miklu þýðingu, sem störf hans

ýms og reyndar fjölmörg atriði, hans, er þá stóðu „í eldinum“ eins sem vjer getum betur greint og hann. Og Íslendingar hafa sundur nú en samtíðarmenn aldrei gleymt því að meta sögu-

Jón Sigurðsson forseti



FRÁ ÞJÓÐHÁTÍÐINNI Á PINGVÖLLUM 1874.

hafa haft fyrir þroska hennar, framfarir og frelsi. Áhrifa hans hefir gætt **bæði** **beint** **og** **óbeint** í öllu þjóðlifi Íslendinga, síðan er hann var uppi, og er þeim engan vegim lokið, þótt því takmarki sje náð, er vjer fögnum í dag.

Jón Sigurðsson var hvort tveggja í senn: **Fræðimaðurinn**, sem jós af brunni þekkingar á öllum atriðum þeirra mála, er hann fjekkst við, og **raunsæmaðurinn**, sem tók tillit til allra framkvæmdamöguleika og vildi láta verkin sanna rjettmæti orðanna. Hann hjelt fram, eins kunnugt er, óskoruðum rjetti Íslands til fulls sjálfssorðs, og bygði það ekki aðeins á hinum almenna og eðlilega rjetti manna og þjóða til þess að „eiga með sjálfa sig“, heldur á **ótvíræðum lagalegum** rjetti landsins frá fornu fari, sem hann leiddi þau rök að, sem síðan hafa orðið sígild, um leið og hann sýndi fram á, að með þeim einum hætti, að þjóðin yrði frjáls, gæti hún ábyrgst afkomu sína raunverulega og staðið undir sjer sjálf. Og hann breyttist aldrei á því, að hvetja Íslendinga til þess að líkiva eigi frá **rjettinum** og til þess að þroska sig svo, að þeir gætu sýnt í verki, að þeir væru frelsinu vaxnir.

Þetta var hans **kenning** og þetta **lærðu** Íslendingar. Og með þessu hvorutveggja er nú einnig sigurinn unninn.

★
Það má þykja hlýða, einmitt við þetta tækifæri og þegar minst er Jóns Sigurðssonar, að greina nokkuð skýrlega, þótt í stuttu mál verði að vera, **þróunarferil** þeirra mála, er einu nafni hafa verið nefnd **ríkisrjettindi** Íslands, eins og það kemur fram í sjálfum aðal-rjettargögnunum, sem eru samningar þeir og stjórnög, er hjer að lúta, og tala þau ákvæði sjálf að mestu sínu mál. Verður úr þeim tilfært hjer það eitt, er mál skiftir um það efni og sýnir jafnframt hvortveggja, hvað vjer áttum og hvað vjer á

unnum. Er þetta sem sje að meira eða minna leyti í samhengi við — ef svo má segja — sivarandi forustustarf þessa þjóðskörungs eða með nokkrum hætti árangur af því.

Ísland var að fornu algerlega sjálfstætt **þjóðveldi**, með löggjafar- og dómbingi (Alþingi) frá 930. Sú staðreynd var vitaskuld Jóni Sigurðssyni eins og öðrum upphaf og grundvöllur allra síðari ályktana um rjettarstöðu landsins. Þegar talið er, að Ísland hafi gefið upp æðsta vald — 64, gerðu þeir það með **Noregskonung**. Gamla sáttmála, er þeir síðan formlega hjeldu sjer við, ef sjálfráðir voru, og endurnýjuðu. Hvorki þá nje síðar afslöluðu þeir „landsrjettindum“ sínum til nokurrar annarar þjóðar. Þeir gengu í „konungssamband“, er á seinni línum nefndist svo, og samningurinn varð alla tíð megin-rjettskjal Íslendinga í frelsisbaráttu þeirra við erlenda valdið.

1262—64. GAMLI SÁTTMÁLI:
VAR þetta játað ok samþykt af öllum almúga á Íslandi á Alþingi með lófataki:

AT vér bjóðum ... Hákoni konungi hinum kórónaða vára þjónustu undir þá grein laganna, er samþykt er i milli konungdómsins ok þegnanna, þeirra er landit byggja.

ER sú hin fyrsta grein, at vér viljum gjalda konungi skatt, ok þingfararkaup slikt sem lögbók våttar, ok alla þegnskyldu, svá framt sem haldin er við oss þau heit, sem í móti skattinum var játað.

(Þá kemur upptalning skilorða, sem Íslendingar settu konungi — um engar utanstefningar, um íslenzka lögmann, um hafskipa ferðir til landsins, um erfðir Íslendinga í Noregi, uðpgjöf landaura og fullrétti þeirra þar).

ITEM at konungur láti oss ná íslenzkum lögum ok friði eftir því sem lögbók våttar ok hann hefir boðið í sínum bréfum. . . (Þá er ákvæði um jarlinn) . . .

HALDA skulum vér ok várir

arfar allan trúnað við yðr, meðan þér ok yðrir arfar halda við oss þessa sættargerð, en lausir ef rofin verðr af yðvarri álfu at beztra manna yfirsýn.

Þótt það í raun rjeltri hafi aldrei orkað tvímælis, að „sættargerð“ þessi hafi af hinum samningsaðilanum, konungi, brátt verið rofin, svo og margsinnis einnig allir síðari samningar, og Íslendingar hefðu þar af leiðandi orðið lausir allra mála og skuldbindinga, ef þeir hefðu fylgt því fram, þá hjeldu þeir samt gerninginn sin megin, itrekuðu hann og vitnuðu til hans seinna o. s. frv. Í sama anda munu þeir, er sú tiska höfst, hafa unnið hyllingareiða sína sem aðrir konungsþegnir, og loks einvalds-skuldbindinguna til konungs (Friðriks 3. Danakonungs) með Kópavogseiðunum 1662. Er þetta af ýmsu berl. Stóð svo við það, þangað til einveldi konungs lagðist af og þjóðirnar fengu aftur ráðin í sínar hendur með löggjafarþingi, sem varð í Danmörku með nýjum stjórnögum („grundvallarlögum“, stjórnarskrá) 1849. Hafði Jón Sigurðsson þá hafið stjórnmalagöngu sína („Ný fjalagsrit“ höfðu komið út frá 1841), og hjelt hann fram, bæði í ritgerðum og brjefum, fullum rjetti Íslendinga til þess að taka við ráðum yfir málefnum sínum með löggjafarvaldi, en um fjögurra ára bil hafði þá hið endurreista Alþingi staðið sem „ráðgjafarsamkunda“. Og enn áður hafði komist á hreyfing meðal Íslendinga í Danmörku um það mál (Baldvin Einarsson). Allur þorri almennings á Íslandi fylgdi Jóni Sigurðssyni í þessu, sem og kom fram í aðgerðum mannfunda í landinu, einkum Pingvallafundanna, og alkunnur er **þjóðfundurinn** (i Reykjavík) 1851, sem varð inngangur að meginátökunum í baráttunni, enda skarst þá í odda við danska valdið. J. S. fór að öllu rólega og með rökvisri athugun, en fullri festu og djörfung. — Þótt daufar yrðu undirleikir hjá konungi, og einkanlega dönsku ríkisstjórninni, er þóttist eiga hjer um að fjalla, sem var rjettarleg fjarstæða, miðaði þó nokkuð í áttina, því að ekki var skilningurinn þá á stjórnarhögum Ís-

lands á marga fiska þar; jafnvel „stöðulög“ frá 2. janúar 1871 voru, þótt ótrúlegt megi virðast, eins konar áfangi á þessari þróunarbraut málanna (þau tala þó um „sjerstök landsrjettindi“ og „hin sjerstaklegu málefni“ Íslands). En einkum varðaðist vegurinn með stjórnarskránni 1874, þótt ekki þætti hún fullomin, er ekki síst kom til af því, að konungur og æðsta framkvæmdarstjórnin með honum átti setu í öðru landi — og þaðan varð að sljórna. Þótt J. S. gæti ekki að fullu verið ánægður með stjórnarskrána um sinn, var þó það, sem með henni vanst á, hans verk í þeim skilningi, að hann hafði manna mest og best heimtað rjett lands og þjóðar, sem hjer kom að ýmsu leyti fram.

1874, 5. janúar. STJÓRNAR. SKRÁ UM HIN SJERSTAKLEGU MÁLEFNI ÍSLANDS.

1. gr. Í þeim málefnum . . . hefir landið löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi í sameingingu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum.

2. gr. Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma það. — Hið æðsta vald á Íslandi innanlands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, og hefir aðselur sitt á Íslandi . . .

3. gr. Ráðgjafinn hefir ábyrgð á því, að stjórnarskránni sje fylgt, Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eftir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum . . .

Þegar hjer var komið sögu, var að Jóns Sigurðssonar tekið að halla. Hann lifði aðeins fá ár eftir að hin nýju stjórnög komu í gildi, og tók nokkurn þátt í framkvæmd þeirra á Alþingi. En verk hans lifðu áfram og báru, er tímar liðu, margfaldan ávoxt. Þróunin og stjórnmalabaráttan hjelt sinn gang fram á leið. Kynslóðir hurfu og kynslóðir komu. En merki J. S. var aldrei látið niður falla á Íslandi, þótt ýmsir útúrkrokar gerðust nú á leið, fyrir og eldir aldamót, og ekki allir happasælir, sem þó eigi verður hjer tím.

En sjálfssorðið jókst.

1903, 3. okt. STJÓRNARSKIPUNARLÖG (breyt. á stjórnarskrá 1874).

1. gr. Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Ráðherra Íslands

— Jón Sigurðsson forseti

má eigi hafa annað ráðherraembætti á hendi, og verður að tala og rita íslenska tungu. — Hann skal hafa aðsetur í Reykjavík . . .

2. gr. Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni. Alþingi getur kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, er nánar verður skipað fyrir um með lögum.

Nú gat ekkert stöðvað frelsissókn Íslendinga og var meir en nokkrusinni fyr stuðst við hinum öruggu rannsóknir Jóns Sigurðssonar á sögulegum og lagalegum rjetti íslensku þjóðarinnar til fulls sjálfstædis og málafylgju hans fyrir hinni þjóðlegu köllun Íslendinga. Bera þessu vitni kröfur þær, er settar voru fram 1907 og oftar, málalokin upp úr samningatilraununum 1908 o.s. frv. Og alger þátttaskifti urðu 1918 með Sambandslögnum („Nýja sáttmála“), þar sem fullveldi Íslands var óskorað viðurkent af hálfu Danmerkur og allar stjórnarframkvæmdir síðar miðuðust við það. Má þá kalla aftur á komið hið svonefnda „konungssamband“ með Íslendingum.

1918, 30. nóvbr. DANSK-ÍSLENSK SAMBANDSLÖG.

1. gr. Danmörk og Ísland eru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi um einn og sama konung og um samning þann, er felst í þessum sambandslögum. — Nöfn beggja ríkja eru tekin í heiti konungs.

2. gr. . . . Konungserfðunum má ekki breyta, nema samþykki beggja ríkja komi til. . . .

4. gr. Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Ríkisþings Danmerkur og Alþingis Íslands.

7. gr. Danmörk fer með utanríkismál Íslands í umboði þess.


18. gr. Eftir árslok 1940 getur Ríkisþing og Alþingi hvort um sig hvehær sem er krafist, að byrjað verði á samningum um endurskoðun laga þessara. — Nú er nýr samningur ekki gerður innan þriggja ára frá því að krafan kom fram, og getur þá Ríkisþingið eða Alþingi hvort um sig samþykt, að samningur sá, er felst í þessum lögum, sje úr gildi feldur.

1920, 18. maí. STJÓRNARSKRÁ KONUNGSRÍKISINS ÍSLANDS.

1. gr. Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.

2. gr. Löggjafarvaldið er hjá konungi og Alþingi, báðum saman, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómandum.

6. gr. Konungur vinnur eið að stjórnarskránni, er hann kemur til ríkis.



SAMBANDSLAGANEFDIN 1918. Myndin er tekin í Alþingishússgarðinum. Þessir menn eru á myndinni, talið frá vinstri: Magnús Jónsson, síðar ráðherra, ritari nefndarinnar, Bjarni Jónsson frá Vogi, C. Hage, viðskiftamálaráðherra, formaður danska hluta nefndarinnar, Fr. Borgbjerg ráðherra, Jóhannes Jóhannesson bæjarfógei, formaður íslenska hluta nefndarinnar, I. C. Christensen ráðherra, Einar Arnórsson ráðherra, Erik Arup prófessor, Gisli Ísleifsson stjórnarráðsfulltrúi, ritari nefndarinnar, Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri, Þorsteinn Þorsteinsson, hagstofustjóri, ritari nefndarinnar og danskur aðstoðarmaður.

9. gr. Konungur hefir æðsta vald í öllum málefnum ríkisins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur hann ráðherra framkvæma það. Ráðuneytið hefir aðsetur í Reykjavík.

10. gr. Konungur er ábyrgðarlaus og friðhelgur. Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherra-ábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært þá fyrir embættisrekstur þeirra.

12. gr. Lög og mikilvægar stjórnaráðstafanir skulu bornar upp fyrir konungi í ríkisráði. Ráðherrar skipa ríkisráð.

Ef Jón Sigurðsson hefði mátt „lita upp úr gröf sinni“ eftir 1918, hefði honum vafalaust þótt sjálfstæðismál Íslendinga sæmilega á veg komið, þótt fullnaðarskilnaður í sljórnálum Íslands og Danmerkur væri nú einn eftir, en þó fyrirsjeður. Og á árunum síðan hafa allar þjóðstofnanir komist inn í landið (sem honum var ekki síður hugleikið): Háskóli, hæstirjettur; viðskipti, verslun og siglingar í höndum landsmanna sjálfrar; iðnaður upprennandi með þjóðinni; margskonar framkvæmdir í fullum gangi í hjeruðum, bæði verklegar og meiningarlegar o.fl. o.fl. Öllu ráðsafæð hjér heima, en sendimönnum fiölgar úti um heiminn.

Sem sje: asporið var aðeins eftir.

Og nú er á leiðarenda í sögu stjórnar Noregs- og Dírráð af háþeirra, eru n

aðarmenn Íslands hafa þar þrætt þá braut, er Jón Sigurðsson ruddi með mestum þrótti og mestum ágætum. Kröfurnar hafa ávalt síðan hans daga verið hinum sömu í eðli sínu, þótt orðalag þeirra væri breytingum háð og þær að öðru leyti lagað sig eftir tímunum. Og nú verður þetta alt að vilja íslensku þjóðarinnar og Alþingis Íslendinga, enda þessi skipan efnislega á komin með framkvæmd ályktana þingsins frá 1941, og formi málsins nú einnig fullnægt. — Skilnaðurinn er samþykktur af rjettum aðiljum, Alþingi og kjósendum landsins. Af fullveldi sínu segir þjóðin sig lausa úr konungssambandi.

Lýðveldið gengur í gildi í dag. Forseti þess verður kjörinn.

1944, 17. júní. STJÓRNARSKRÁ LÝÐVELDISINS ÍSLANDS.

1. gr. Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.

2. gr. Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. — Dómendur fara með dómsvaldið.

3. gr. Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.

Eftir ákæðum þessarar fyrstu lýðveldissjórnarskrár landsins, fer forseti með vald það, er áður hafði konungur, í svo að segja öllum atriðum, og hefir áþekka aðstöðu gagnvart þjóðinni.

Nærri sextiu og fimm ár eru nú liðin frá dánardægri Jóns Sigurðssonar. Það er í rauninni ekki langur tími, en miklir atburðir hafa síðan

gerst um heim allan, og einnig hjér hjá oss, — mestir í því, að stjórnmalastefna hans hefir verið framkvæmd út í æsar. Er slikt fágætt. En myndi hann vissulega segja, að vandinn byrjaði fyrir þjóð hans: Ásýna sig og gera sig í ráðum og dáið frelsinu verðuga. Það verður hans kall til vor allra. —

Óskir, lengi aldar í brjóstum Íslendinga, hafa ræst. Enginn veit, hvað verða muni. Á þessum degi lyftir íslenska þjóðin þakklátum huga til Hans, sem öllu stjórnar, með bæn um gifturíka framtíð, um leið og hún blessar minningu Jóns Sigurðssonar.



Jón Sigurðsson er fæddur 17. júní 1811 að Hrafnsseyri í Ísafjarðarsýslu, og voru foreldrar hans Sigurður Jónsson, prestur og prófastur, og kona hans Vigdís Jónsdóttir. Hann tók stúdentspróf 1829 og sigldi fáum árum síðan til háskólans í Kaupmannahöfn og las þar málfræði um hrið. Gaf sig síðan við sögurannsóknum íslenskum og ritstörfum um vísingindaleg efni og stjórnmal. Hafði stöðu við Safn Árna Magnússonar og við Kgl. norræna fornfræðafjelagið og átti sæti í fornritanefnd þess til dánardægurs. Gaf út Ný félagsrit, hið fræga þjóðmálatímarit, er hann og fleiri Íslendingar í Khöfn stofnuðu, öll útkomuár þess, eða 1841—73. Var skipaður í nokkrar helstu nefndir varðandi Íslands mál. Átti sæti á Alþingi 1845—79 og var forseti þess mörg ár, en átti þá ávalt heima í Khöfn. Hann andaðist 1879, 7. desbr. — Hann var kvæntur, Ingibjörgu Einarsdóttur, kaupm. í Rvík Jónssonar, og andaðist hún um sama leyti og hann. Þau hvila í Reykjavíkurkirkjugarði.

Bjarni Benediktsson:

Sjálfstæðisbaráttan í hundrað ár

FYRSTI HLEKKURINN í ófrelsisfjörum Íslands brast, þegar einokunarverslun Dana á landinu var afnumin. Það var árið 1787.

Síðan er langur tími liðinn. Bandaríkjamenn Norður-Ameriku komu fastri skipan á ríki sitt og stjórn, eigi fyr en tveimur árum síðar. Og á því sána ári hófst byltingin mikla í Frakklandi. En með þeim atburðum má segja, að þáttaskifti verði í mannkynssögunni.

Frá þeim tíma og fram á þenna dag hafa margir atburðir og miklir gerst. Ný ríki verið stofnuð. Sum þeirra og enn önnur liðið undir lok. Heimurinn hefir því haft um nóg að hugsa og frelsisbaráttu einnar hinnar minstu þjóðar, yst á norðurhjara, hefir lítill gaumur verið gefinn.

En í dag hafa einniig Íslendingar náð marki sínu. Í dag stofna þeir sitt eigið lýðveldi, sem öll frelsisbaráttu þeirra hefir vitandi og óafvitandi stefnt að.



Skúli fögði Magnússon, sem verstu fjötrana sleit, og samtimamenn hans stefndu þó eigi víss vitandi að stofnun lýðveldis nje fullu stjórnfrelsi á Íslandi. Umkomuleysi þjóðarinnar og niðurlæging landsins var þá of mikil til þess, að markið væri sett svo hátt. En verk þeirra var fyrirboði þess, sem síðar varð. Nauðsynlegur grundvöllur stjórnfrelsibaráttunnar, sem síðar hófst.

Einveldið danska átti þó eftir að bú að enn fastar um sig á landi hjer. Um aldamótin 1800 voru síðustu leifar hins forna Alþingis lagðar niður, og átti þar með að vera úr sögunni sú stofnun, sem var ímynd og fulltrúi frelsis og sjálfstæðispráar þjóðarinnar.

Skömmu síðar kom berlega í ljós, að þótt einveldið danska væri öflugt gegn Íslendingum, var það vanmagnugt til varnar landinu fyrir annara íhlutun. Valdrán Jörundar hundadagakonungs sýndi, að óvalinn sjóræningi gat hrifsað yfirrád landsins í sinar hendur án þess, að Danir fengi rönd við reist; Bretar, sem áttu í ófriði við Dani, urðu að endurreisa stjórn þeirra á landinu. Og þessi óvinabjóð Dana hjelt árum saman lifinu í Íslendingum mest fyrir þá tilviliðun, að hefðarmaður einn þar í landi hafði á yngri árum ferðast um landið og bar síðan til þess hlýjan hug. En danska stjórnin launaði svo þeim Íslendingi, Magnúsi háyfirdómara Stephensen, sem mest hafði gert til að sjá löndum sínun farborða í þessum raunum, að hún veitti honum eftir það eigi þann embættisframa, sem hann var sjálfkjörinn til.




Umrót það, sem kom frá frónsku



JOSEPH BANKS
(Árin 1743—1820).

Hjálparhella Íslendinga í flutninga-teppu Napóleonsstyrjaldanna.




MAGNÚS STEPHENSEN
conferensráð 1762—1833.

„Fekk ekki þann embættisframa, sem hann var sjálfkjörinn til“.



CHRISTIAN VIII.

„Sá konungur, sem ástsælastur hefir orðið á Íslandi“.



LATINUSKOLINN var bygður að arnum 1844—1846. Var bygging hans svo langt komið 1845, að þar var háð fyrst ráðgefandi Alþingi. Í þessu húsi sat Jón Sigurðsson á öllum sinum þingum frá 1845—1877.

rökstóla og árið 1839 var sett á stofn ráðgefandi embættismannaneftnd á Íslandi. Ýtti þetta mjög undir kröfur landsmanna um, að Alþingi yrði endurreist. Kristján VIII., sá Dana-konungur, sem ástsælastur hefir orðið á Íslandi, gaf og 1840 fyrirheit um, að svo skyldi gert.

Á næsta ári, þ. e. 1841, hófst útgáfa Nýrra félagsrita. Ölluðust Íslendingar þar með bann málsvara, er með mestri rökvísi og þrautseigju hefir flutt mál þeirra. Þarf eigi að eyða orðum að því, að Jón forseti Sigurðsson rjeð þar mestu um og að ritin voru fyrst og fremst mál-gagn hans.

Þegar í hinu fyrsta hefti Nýrra félagsrita birtir Jón Sigurðsson itarlega grein um Alþingi á Íslandi. Gerir hann þar m. a. rækilega grein fyrir hlutverki Alþingis sem fulltrúaþings eða ráðgefandi þings, en tekur jafnframt fram, að það mun verða visir löggjafarþings, ef vel takist.

Alþingi sjálf var síðan endurreist með tilskipun frá 1843 og kom fyrst saman 1845. En þing þetta var einungis ráðgjafarstofnun fyrir einvaldan konung, og rjeð hann öllu um, hvort tillögur þess væri nokkurs virtar eða eigi, því að löggjafarvald hafði það eigi neitt. Engu að síður

var endurreisn þingsins einn merkasti áfanginn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.



Menn greindi þó ætið nokkuð á um það, í hverjum anda Alþingi skyldi starfa.

Pjetur síðar biskup Pjetursson sagði á Alþingi 1857, að þegar stjórnin neitaði einhverju því, er Alþingi hefði farið fram á, en þótt án þess að gefa ástæður fyrir neifun sinni, þá ætti ekki að fara því hinu sama á flot strax um hæl. ... maður treysti stjórninni fullveit til að hafa góðar og gildar ástæður fyrir neitun sinni, þó ekki láti hún þær í ljósi“.

Slik var skoðun margra ráðamanna hjer á landi þá.

Jón Sigurðsson fylgdi í annan stað hinni reglunni, að sá, sem vildi nárfjettinu sínun, er ranglega væri fyrir honum halðið, yrði að knýja á aftur og aftur. Hann taldi, að Alþingi mætti ekki hætta fyrr en það hefði rutt úr vegi þeim misskilningi, sem væri þess valdandi, að íslenska þjóðin fengi eigi að njóta jafnrjettis við aðra. Hann brýndi það fyrir þjóðsinni, að allir þyrfti að verða samdóma um að efla Alþingi og með því frelsi og farsæld ættjarðar vorrar.

Á Alþingi var það andi Jóns Sigurðssonar, sem ríkti.

Gildi Alþingis varð og tvöfalt hjer á landi miðað við það, sem slík þing höfðu viðast annarsstaðar. Með þeim erlendum þjóðum, sem höfðu sinn eigin þjóðhöfðingja, var hlutverk þinganna það á þessum tímum að sækja vald úr höndum hans til þjóðarinnar. En hjer á landi var þjóðhöfðinginn erlendur, og varð því viðleitni Alþingis Íslendinga ekki að eins sú að flytja valdið til í landinu sjálfu, heldur miklu fremur hin að flytja valdið inn í landið úr höndum hins erlenda konungs og ráðgjafa hans í hendur íslensku þjóðarinnar.



Íslendingar sóttu þenna rjett sinn að sjálfssögðu mun fastar eftir að samþegnar þeirra í Danmörku höfðu fengið stjórnfrelsi. En þar í landi af-

Þjóðfundurinn og stöðulögin

- Grein Bjarna Benediktssonar

salaði konungur sjer einveldi 1848. Var þá kallað saman stjórnlagabing eða þjóðfundur í Danmörku, sem með samþykki konungs setti Dönum grundvallarlög 1849.

Íslendingar, undir forystu Jóns Sigurðssonar, töldu, að á sama hátt og danska þjóðin tók við valdi konungs í Danmörku, ætti íslenska þjóðin að taka við valdi hans hjer á landi. Fóru þeir þess því á leit, að á Íslandi yrði kvaddur saman þjóðfundur með sama valdi í málum Íslands og stjórnlagabingið danska í málum Danmerkur.

Friðrik konungur VII. gaf og fyrirheit í þessa átt með brjefi sínu frá 23. sept. 1848. Er það að vísu óákvæðnara en skyldi, en þó gefur konungur þar ótvíraett loforð um, að staða Íslands í ríkinu skuli eigi til fulls ákveðin fyrr en Íslendingar hafi látið uppi vilja sinn um það á fundi, sem boða skuli i því skyni.


Þjóðfundurinn 1851 var síðan kvaddur saman til að fullnægja þessu loforði konungs. Danir áttu þá í völk að verjast um ysírráð í Sljesvik og Holsetalandi og hafa því e.t.v. verið enn harðskeyttari við Íslendinga en ella.

Enda buðu þeir Íslendingum engin kostakjör, því að staða Íslands átti að verða svipuð hjeruðum í Danmörku og vald Alþingis hið sama og æðri sveitarstjórna þar í landi. Áður en fundarmenn fengu á formlegan hátt látið uppi skoðanir sinar á þessum ókjörum, hleypti konungfulltrúi fundinum upp í skjóli herliðs, er hingað hafði verið sent til að sjá um, að röð og regla hjeldist í „bílandinu“.


Jón Sigurðsson og meginþorri fundarmanna mótmæltu í nafni konungs og þjóðarinnar þessum aðförum. En þótt vænta hefði mátt, að konungur hefði ætlast til annara efnda á heitorði sinu frá 23. sept. 1848 en þessum, þá sinti hann mótmælum Íslendinga að engu. Í stað þess voru helstu fylgismenn Jóns Sigurðssonar í hópi embættismanna sviftir embættum og danska stjórnin sá um, að Jón Sigurðsson fekk aldrei lífvænlega stöðu í föðurlandi sínu.



Á næstu árum hnigu kröfur landsmanna mjög í þá átt, að heimta þjóðfund eða fullkomlið stjórnlagabing haldið í landinu. Þeir töldu, að þar sem konungur hefði afsalað sjer



J. D. TRAMPE
greifi,
konungfulltrúi á Þjóðfundinum 1851



„Á Alþingi ríkti andi Jóns Sigurðssonar“.

einveldi sínu, yrði að kalla sílan fund saman hjer á landi. Því að Íslendingar hefði að vísu áður fyr fengið konungi vald yfir málefnum landsins en dönsku þjóðinni aldrei. Afskifti ríkisþingsins danska og ráðherra, sem bæri ábyrgð gagnvart því, væri þess vegna alger lögleysa.

Pess þarf naumast að geta, að enn var það Jón Sigurðsson, sem best gerði grein fyrir kröfum landa sinna og fastast fylgdi þeim fram. En hins er skilt að minnast, að þýski professorinn Konráð Maurer studdi með skrifum sinum mjög hinn sögulega rjett íslensku þjóðarinnar.

En framkvæmdin varð sú; eftir að konungur afsalaði sjer einveldi, að dönsk stjórnvöld, ríkisdagur og stjórn, fóru með íslensk mál svo sem þeim leist, og hið ráðgefandi Alþingi fekk sömu stöðu gegn þessum fulltrúum dönsku þjóðarinnar, sem það hafði áður haft gegn konungi. Auk ið frelsi dönsku þjóðarinnar í hennar eigin landi varð því til þess að fá henni ysírráð í íslenskum málum, er hún hafði aldrei haft áður.

Að sjálfssögðu var hugur Dana í garð Íslendinga ærið ólíkur. Ætla má, að fairr þeirra hafi óskað þess, að Íslendingar væri beittir kúgun. En um þessar mundir var þeim mjög í mun að halda ysírráðum Danmerkur í Sljesvik og Holsetalandi og áttu í höggi við Þjóðverja um þau. Meðan svo stóð mun ráðandi mönnunum dönskum eigi hafa þótt fært að slaka á böndum þeim, er Íslendingar voru reyrðir í, því að það kynni að verða Þjóðverjasinnum suður þar til hvatningar í baráttu sinni.

Deilunni um hertogadæmin lykt-

skæru ofbeldi þess, sem meiri máttar er.

Sjálfstæðisbaráttu landsmanna beindist þessa hálfa öld fyrst og fremst að því að efla sem mest forræði Alþingis um þau mál, sem stöðulögin kváðu á um að vera skyldi íslensk sjermál, en síðar í vaxandi mæli að hinu, að fá stöðulögunum sjálfum með öllu hnekt.

Fyrstu árin nutu Íslendingar en forystu Jóns Sigurðssonar í þessari baráttu, og lifði hann að sitja á tveim fyrstu löggjafarsamkomum Alþingis 1875 og 1877. Því að með stjórnarskránni frá 1874 var Alþingi fengið löggjafarvald í hinum sjerstaklegu málefnum Íslands.


Ætla hefði mátt, að farið væri að vilja Alþingis um þessa stjórnarskrá, sem einungis fjallaði um sjermál. Svo varð þó eigi, því að konungur vildi hvorki staðfesta frv. Alþingis frá 1871 nje 1873 og enn þá síður verða við þeirri kröfu Alþingis að efna til þjóðfundar um-málið í sammæri við hið forna heitorð. Í þess stað setti konungur, með samþykki dönsku stjórnarinnar og að fyrirlagi hennar, árið 1874 stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands.



Úr því, sem komið var, kunnu Íslendingar hinum dönsku stjórnvöldum þakki fyrir stjórnarskrána og ljöt Alþingi þær uppi með ávörpum til konungs 1875. Er þar sagt, að best þyki hlýða að reyna stjórnarskrána rækilega áður en bornar sjeipp breytingar við einstök atriði hennar.

En þegar í þessum ávörpum er vikið að þeim megingöllum stjórnarskrárinna, að enn skorti á fyllra fjárrorræði og ábyrgð landsstjórnarinnar. Sjer i lagi virtist mönnum það ísjárvært, ef Íslands-ráðherrann, sem fyrir var mælt um í hinni nýju stjórnarskrá, ætti að vikja úr sessi fyrir það, að hann væri ekki á sömu skoðun um dönsk og Íslandi óviðkomandi mál, eins og meirihlutin hinna dönsku þjóðfulltrúa, þótt ráðherrann nyti trausts þjóðarinnar eða fulltrúa hennar á Alþingi.

Þessi varð þó raunin á. Stjórnarskráin var framkvæmd á hinn óheppilegasta hátt fyrir Ísland. Ráðherraembættið fyrir Ísland þótti svo litilsvert, að það var fengið sem aukastarf einum dönsku ráðherranna, sem mest störf hafði fyrir. Stjórn-



BENEDIKT SVEINSSON

sýslumaður (1826–1899).

Frunkvöðull frelsisbaráttunar á síðustu áratugum 19. aldar.

Stjórnarskrárbaráttar — Aldaskifti

- Grein Bjarna Benediktssonar

arstörfum Íslands var því litt sint af þeim, sem hafði úrskurðarvaldið um bau. Raunverulega ábyrgð fyrir Alþingi bar hann enga, enda sat hann í ríkisráðinu danska, og seta hans við völd fór algerlega eftir ástæðum, Íslandi óviðkomandi.

Ráðherrann ljet sjer því fátt finnast um framfarir Íslands. Þaðan var fárra umbótatillagna að vænta. En synjunarvaldi konungs á löggjöf Alþingis var óspart beitt um þau mál, sem innlendri stjórn og efnahag landsmanna mátti verða til góðs.

Landshöfðinginn var æðsti valdsmaður innanlands. Hafði hann að visu nokkurt vald, en embætti sitt átti hann undir náð hinna dönsku stjórnarherra og varð að lúta vilja beirra í öllu því, er verulega skifti mál.


Magnús Stephensen gegndi lengst þeirri stöðu og var sá þeirra, er lengst mun minst i sögu Íslands. Að lokum lýsti hann stöðu sinni svo, að hann hefði verið svo sem lús milli tveggja nagla, annarar Alþingis, en hinnar stjórnarinnar dönsku. Reynsla hans af skiftum við dönsk stjórnvöld kom og fram í leik þeim, er hann gerði að orðum Virgils: „Nescio quid sit, timeo Danaos, et dona ferentes“. Þ. e. að hann óttaðist einnig er Danáar kæmi með gjafir. Danáar og Danir þótti svolíkt, að tilvitnunin varð viðfleyg og fór m. a. utan, og þótti verða til þess, að landshöfðingi nytí eigi sömu hylfi í Danmörku og hann hafði áður gert.



Um 1880 þótti þeim Íslendingum, sem árvakrastir voru um frelsi landsins, fullreynt, að stjórnarskráin frá 1874 væri eigi til lengdar við unandi, svo sem Alþingi hafði og begar ráð fyrir gert 1874. Hófst þá baráttar fyrir nýrri stjórnarskrá, sem veita skyldi landinu meira sjálfstæði en það naut áður.

Benedikt Sveinsson sýslumaður var frumkvöðull þessarar frelsisbaráttu alt til andlás síns 1899 og fór Alþingi lengst af að hans ráðum meðan hann lifði, þótt á ýmsu ylti um fult samkomulag allra þingmanna í málinu. Var málið fyrst tekio upp skv. tillögu hans 1881 og kom síðan fyrir hvert þing í einu eða öðru formi alt fram á árið 1903.

Hugmynd Benedikts Sveinssonar og fylgismanna hans var sú að fá settu nýja stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Skyldi þar



HANNES HAFSTEIN, fyrsti ráðherrann.

Landsmenn fengu nú aðstöðu til að efla í landinu andlega og verklega menningu.

hvergi beinlinnis vitnað til stöðulaganna, þótt hin sjerstöku mál væri hin sömu og i stöðulögnum voru talin. Stjórn hinna sjerstöku mála skyldi svo fyrir komið, að á Íslandi væri landsstjóri, er konungur skipaði og yfirleitt fær með vald konungs í þessum málum. En landsstjórin átti að hafa ráðgjafa sjer við hlið, sem framkvæmdi vald hans og bæri ábyrgð gagnvart Alþingi. Ef tillögur bessar hefði náð fram að ganga, þá mundi sjálfstjórn Íslendinga í hinnum sjerstöku málum mjög hafa aukist, og að vissu leyti verið farið í kringum gildi stöðulaganna hjér á landi.

Á þessum árum fór lengst af með völd i Danmörku óþingleg stjórn, skipuð af konungi þvert ofan i vilja þjóðarinnar. Var því traustlega við því að búast, að Íslendingum væri mikil sanngírni sýnd, úr því að óskir dönsku þjóðarinnar sjálfrar um hennar eigin mál voru virtar að vettugi. Í þau tvö skifti, sem Alþingi samþykki til fulls frumvörp í framangreinda átt, þ. e. 1886 og 1894, var þeim því synjað staðfestingar. Annarsvegar vegna þess, að þau þóttu ætla Íslandi meiri sjálfstjórn en sámanlegt væri „stöðu Íslands að lögum sem óaðskiljanlegs hluta Dana-veldis“. Hinsvegar vegna þess, að konungur vildi ekki rjetta „hjálparhönd til þess að glæða eða efla“ þá „röngu skoðun“, að stöðulögum væri eigi bindandi fyrir Ísland.




Það þurfti mikla þrautseigju til þess á árunum eftir 1880 að fylgja stjórnbotamálinu staðfastlega eftir. Hallæri var löngum í landi og fólk ið flýði unnvörpum í aðra heimsálfu. Einræðisstjórnin danska veitti alger afsvör við frelsiskröfum landsmanna, og margir hinna að öðru leyti frentu Íslendinga örðu mjög

Á meðan Alþingi sat að fundum árið 1901 barst sú fregn til landsins, að stjórnarskifti hefði orðið í Danmörku og við völdum tekið þingræðisstjórn, sem ætla mátti að tæki kröfum Íslendinga með meiri vinsemdu en fyrirrennari hennar. Þrátt fyrir þetta samþykktu Valtýingar þó frumvarp sitt, en jafnfram var samið ávarp þess efnis, að eigi sje fyllilega viðunandi fyrirkomulag fengið á stjórnarfari landsins fyrr en æðsta stjórn sjermála þess sje búsett í landinu sjálfu.


Menn þeir, sem nú voru komnir til valda í Danmörku, voru nokkrir frá stúdentaárum kunnugir sumum ráðamönnum íslenskum. Var því Íslendingum hægara um áhrif málstað sínum til góðs en oft áður. Urðu þær lyktir málsins, einkum fyrir atbeina Hannesar Hafsteins, sem síðar varð fyrstur innlendir ráðherra, að danska stjórnin ljet Alþingi heimilt að velja á milli þess, hvort það vildi heldur, að ráðherrann skyldi búsettur á Íslandi eða í Kaupmannahöfn.

Alþingi samþykkti síðan á lögformlegan hátt stjórnarskrábreytingu þá, sem Danir ljetu kost á með búsetu ráðherra í Reykjavík. Tók him nýi ráðherra við völdum á öndverðu ári 1904. Var Hannes Hafstein kjörinn hinna fyrsti ráðherra í samræmi við vilja meirihluta Alþingis. Jafnframt var landshöfðingjadæmið úr sögunni.

Með þessari stjórnarbreytingu urðu aldaskifti í sögu landsins. Skiftum Dana af „sjermálum“ landsins var nú að mestu lokið. Landsmenn fengu nú frjálsræði til að efla í landinu andlega og verklega menningu í miklu ríkari mæli en nokkru sinni fyrr. Var og nauðsynleg undirstaða fyrir hendi, þar sem verslunin var óðum að færast úr höndum hinna erlendu selstöðu-kaupmanna til manna, sem hjer voru búsettar. Fiskiskipafloti landsmanna hafði einnig aukist síðustu áratugi 19. aldar. Og skömmu eftir, að innlend stjórn komst á, hefst togara-útgerð frá Íslandi. En sú útgerð, á-samt því, að verslunin komst í hendur innlendra manna, hefir verið fjárhagslegur grundvöllur allra annara framfara á Íslandi síðustu áratugina. Hefir þar um sannast, að stjórnfrelsi og atvinnufrelsi styðja hvert annað.



MAGNÚS STEPHENSEN
Gegnd lengst landshöfðingja-embættinu (1886—1904).



VALTÝR GUÐMUNDSSON
háskólastjóri (1860—1928).
Með baráttunni um „Valtýskuna“, hefð flokkaskipting á Íslandi

Uppkastið 1908 og ringulreið flokka

- Grein Bjarna Benediktssonar

Miklu var því náð með stofnun ráðherraembættis hjer á landi. En mikið var enn ófengið.

Stjórnarskrárbreytingin hlaut að visu nær einróma samþykki á Alþingi 1903, en með þjóðinni var hafinn ákafur andróður gegn henni. Fyrir þeim andróðri stóðu í fyrstu Jón yfirdómari Jensson, bróðursonur Jóns forseta Sigurðssonar, og Einar skáld Benediktsson sýslumanns Sveinssonar. Þessir arftakar hinna fremstu forvígismanna sjálfstæðisbaráttunnar töldu, að með samþykkt stjórnskipulaganna frá 1903 væri um of slegið af fornum og rjettum frelsiskröfum þjóðarinnar. Var þá stofnaður Landvarnarflokkur til að standa vörð um þessar kröfur og fylgja þeim fram til sigurs. Fylti þann flokk fjöldi ungra manna, ekki síst stúdentar bæði í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Gagnrýni þeirra á stjórnskipulögnum frá 1903 beindist einkum að því, að danska ríkisstjórnin hafði smeygt þar inn því ákvæði, að ráðherra skyldi bera lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir upp fyrir konungi í ríkisráði. Með þessu sögðu þeir, að viðurkent væri, að Ísland tilheyroi ríkisheildinni dönsku, dönskum ráðherrum skapaðir möguleikar til skifta af íslenskum málum og við búið væri, að ráðherra Íslands yrði að láta af stjórn samtímis embættisbraðrum sínum í Danmörku.

Raunin varð önnur um hið síðastalda, því að seta ráðherra varð í framkvæmd háð vilja Alþingis, en alls eigi ríkisþingsins danska. Og afskifti danskra ráðherra munu, þrátt fyrir uppburð mála í ríkisráði, hafa horfið um þau mál, er á engan veg varðaði sambandið við Dani. En megin-efni gagnrýninnar var rjett-mætt.

Íslandi var eftir sem áður stjórn-að sem hluta dönsku ríkisheildarinnar. Danskur fáni blakti á Íslandi. Danir ákváðu myntina. Hæstirjettur Dana hafði æðsta dómsvald í íslenskum málum. Dönsk varðskip önnuðust landhelgisgæsluna, enda voru hervarnir í þeirra höndum. Danir hofðu utanríkismál Íslands að öllu leyti í sínum höndum. Íslenskur ríkisborgararjettur var eigi viður-kendur, heldur einungis danskur, og hofðu Danir því sama rjett á Íslandi sem Íslendingar.

Með öðrum orðum. Valdboðið gamla um, að Ísland væri óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, gilti enn. Íslendingar hofðu 1871 látið sjer nægja að mótmæla þessu. Í baráttunni síðan hofðu þeir reynt að snið-ganga það og 1903 þó gengið helst til langt um viðurkenning rangs-leitninnar. Nú var hafin bein bar-atta gegn þessu tákni ofbeldisins.



Árið 1905 náðu Norðmenn fullu frelsi. Þess þarf eigi að geta, að þeir nutu þá óskiftrar samúðar Íslendinga. En frelsistaka þeirra varð Íslendingum enn stóraukin hvöt i sjálfstæðisbaráttunni.

Efdist um þessar mundir mjög hreyfing til að fá sjerstakan íslenskan fána, er hafist hafði síðari hluta 19. aldar. Samtök voru mynduð og



SKÚLI THORODDSEN
sýslumaður (1859—1916). „Snerist einn nefndarmanna öndverður gegn Uppkastinu“ 1908.



BJÖRN JÓNSSON
ritstjóri (1847—1912).

1909 tóku Sjálfstæðismenn við völdum, og varð Björn Jónsson ráðherra

fundir haldnir til að knýja fram aukið sjálfstæði.

Íslenskir alþingismenn fóru árið 1906 í boði ríkisþingsmanna til Danmerkur. Mun þá mjög hafa verið rætt um samband landanna. Ári síðar, þ. e. 1907, kom Friðrik konungur VIII. í heimsókn til landsins. Hann var Íslendingum góðviljaður og er hann á Kolviðarholi talaði um Danmörk og Ísland, kallaði hann þau „bæði ríkin“. Þótti Dönum þá nóg um reyndu að þagga niður ummæli konungs, en Íslendingar mátu þau þeim mun meira.

I framhaldi af öllu þessu var 1907 skipuð nefnd til að semja um samband landanna. Voru í henni fulltrúar Alþingis og ríkisþings. Hinir siðartöldu þó mun fleiri.

Ávoxturinn af starfi nefndar þessarar var uppkastið frá 1908. Samkvæmt því átti ríkisheildin enn að vera ein undir stjórn Danakonungs. Sameiginlegt konungaæmi, utanríkismál og hervarnir áttu að vera með öllu óuppsegjanlegt og að öllu i höndum Dana, nema samþykki beggja landa kæmi til. Önnur hinna sameiginlegu mála voru að visu uppsejanleg eftir 37 ár, en þangað til áttu Danir einir með þau að fara, nema samkomulag yrði um annað.



Um þetta uppkast urðu allir nefndarmenn sammála nema einn. Meiri hluti íslensku nefndarmannana leit svo á, að í frumvarpinu væri fólgin mikil bót frá því, sem verið hefði. Sagði, að það trygði Íslandi fult einræði inn á við og lagalegt jafnræði við Danmörku út á við, á betra væri ekki völ, og bæri þess vegna að taka því.

Einungis einn nefndarmanna, Skúli fyrrum sýslumaður Thoroddsson, snerist öndverður gegn uppkastinu. Hafði hann um það samráð við stú-denta og unga, íslenska mentamenn í Kaupmannahöfn, enda fylgdu flestir þeirra honum fast í andstöðu við frumvarpið. Hjer á landi snerist meginþorri Landvarnarmanna og blað flokksins, Ingólfur, þegar í stað á móti frumvarpinu, og von bráðar einnig ritstjórar elstu blaðanna, Ísafoldar og Þjóðólfss. Sundraðist nú mjög hin fyrri flokka-skipan og var háð einhver harðasta

kosningahrið, er um getur á Íslandi. Úrslitin urðu þau, að andstæðingar uppkastsins unnu mikinn sigur.

Kosningarnar 1908 báru sjálfstæðishug íslensku þjóðarinnar glæsilegt vitni. Að uppkastinu stóð hinn fyrsti innlendi ráðherra, sem stjórnæd hafði með slikum skörungsskap, að vandfundin eru þau ár, sem meira hafi verið um nyt samlega löggjöf eða þarflegar framkvæmdir. Í liði með honum voru nær allir forystu-



SIGURÐUR EGGERZ
bæjarfógeti.

„Hinn eini íslenski ráðherra, sem látið hefir af völdum, fyrir að flytja málstað lands síns gegn erlendu valdi.

menn úr hans eigin flokki og mestir þingskörungar úr liði andstæðinganna. Þrátt fyrir þetta urðu þeir uppkastsmeini í algerum minni hluta með þjóðinni og jafnvel á Alþingi, þótt ráðherrann hefði tilnefnt konungkjörnu þingmennina alla úr hópi fylgismanna sinna. Þjóðin sýndi svo skýrt, að eigi varð um vilst, að hún vildi eigi una því, að Íslendingar undirgengist með frjálsu samþykki, að land þeirra væri hluti af ríkisheildinni dönsku.

Er á þing kom 1909 tóku Sjálfstæðismenn, en svo nefndu andstæðingar uppkastsins sig nú, við völdum, og varð Björn Jónsson ráðherra. Breyttu þeir uppkastinu svo, að Ísland skyldi verða frjálst og fullvalda ríki. Óuppsegjanlega skyldi þó semja um konungssambandið og borðfje konungs. Óllum öðrum sambandsmálum mátti segja upp að 25 árum liðnum, og voru þessi sam-

bandsmál færri en skv. upphaflega frumvarpinu.

Svo sem við mátti búast vildu Danir eigi samþykka frv. svo breytt, og varð eigi úr samningsgerð í bráð. Voru þó einhverjar tilraunir í þá átt gerðar á næstu árum, er Sjálfstæðismenn hofðu beðið ósigur við kosningar 1911, en þær umleitanir leiddu eigi til neins og voru síður en svo heillavænlegar.



Sigurvegarar kosninganna 1908 hofðu frekar unnið sigur sinn vegna andstöðu við uppkastið heldur en samþykkis um úrræði að öðru leyti. Lið þeirra var því ærið ósamstætt og sundraðist mjög á þingi 1911.

Þá varð þó að ráði að gera tilraun til að fá stjórnarskránni frá 1874 og stjórnskipulögnum frá 1903 breytt í skaplegra horf. Lýsti neðri deild af því tilefni yfir með skýrskotun til samþyktar Alþingis 1871 um það efni, að stöðulöginn gæti ekki talist skuldbindandi fyrir Ísland. Kom í þeirri yfirlýsingu glögglega fram skilningur á, að í stöðulögnum fölst það valdrán, sem hneckja varð, ef frelsi þjóðarinnar átti að vera borgið.

Á næstu árum var mikil ringulreið í flokkaskipun og gekk mjög í þófi um samþykt stjórnarskrárinna. Kom samt svo að lokum, að Alþingi 1914 samþykti til fulls af sinni hálfa nýtt stjórnskipunarlagarfrumvarp. Úr því var feldur ríkisráðsfleygurinn frá 1903, en í þess stað mælt svo fyrir, að lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir skyldi bera upp fyrir konungi, þar sem hann ákvæði.

Um þetta varð nú ágreiningur, sem konungur hafði boðað í úrskurði þegar á árinu 1913. Konungur leit svo á, í samræmi við danskan hugsunarhátt, að málin yrði eftir sem áður að bera upp í ríkisráði Danmerkur, svo að dönsku ráðherrarnir gæti fylgst með því, að eigi væri á rjett Danmerkur gengið. Neitaði hann, að þessari ákvörðun sinni yrði nokkrum sinni breytt, nema samþykki bæði danskra og íslenskra stjórnvalda kæmi til.

Íslendingar töldu aftur á móti, að það væri algert sjermál sitt, hvað málin væri borin upp, og bött þeir gæti unað því enn um sinn, að konungur ákvæði, að með þau væri farið í ríkisráði Danmerkur, þá hlyti þeirri ákvörðun að verða breytt skv. tillögum Íslandsráðherra eins, án þess að dönsk stjórnvöld hefði nokkra heimild til að blanda sjer í það mál.

Sigurður Eggerz tók við ráðherradómi 1914 og kom það því í hans hlut að fá staðfestingu konungs á stjórnskipulögnum. Gekk eigi saman með þeim. Sigurður hjelt málstað Íslendinga fast fram, en konungur var allur á bandi Dana og synjaði staðfestingar með þeim skilmálum, er Alþingi hafði atlast til. Sagði Sigurður Eggerz þá af sjer ráðherradómi, og er hinn eini íslenskra ráðherra, sem látið hefir af völdum fyrir að flytja málstað lands síns gegn erlendu valdi.

Ári síðar var stjórnarskráin samt

SÍÐASTI ÁFANGINN

- Grein Bjarna Benediktssonar

staðfest með þeim hætti, sem Alþingi eftir á játaði, og undu þó fæstir vel við.



Svo sem fyrr segir efldist fána-hreyfing í landinu mjög á fyrsta tug aldariinnar. Tóku menn þá upp blá-hvíta fánann sem þjóðartákn landsmanna. Ljetu ýmsir sjer þó fátt um finnast, en notkun fánans fór engu að síður vaxandi. Ekkert ýtti þó fremur undir útbreiðslu hans en það, er danskur varðskipsforingi ljet með vopnavaldi gera fána upptækan af unglingspilti, sem með hann reri á Reykjavíkurhöfn sumardag einn 1913. Varð þá eigi lengur undan því vikist að veita fánanum nokkra lög-helgan.

Heimilaði konungur því, með úr-skurði 1913, að hinn sjerstaka íslenska fána mætti draga við hún hvarvetna á Íslandi og í íslenskri landhelgi. Fánann mátti því eigi nota á íslenskum skipum utan landhelginnar og á stjórnarráðinu var skylt að draga upp hinn klofna danne-brogfsána á ekki óveglegri stað nje-rírari að stærð en íslenska fánann. Gerð fánans var þó ekki ákvæðin fyrr en 1915, og var þá tekinn upp hinn þríliti fáni, sem síðan hefir ver-ið einkenni þjóðar vorrar.

Íslendingar undu því að vonum illa að mega ekki nota fána sinn á skipum utan íslenskrar landhelgi. En um þessar mundir fóru siglingar landsmanna mjög vaxandi, fyrst á fiskiskipum, en síðar farþega- og flutningaskipum. Reyndist það einkum mjög bagalegt og beinlinis hættu legt, þegar leið á ófriðinn 1914—18, að íslensk skip urðu að draga upp dannebrog, þegar kom úr landhelgi.

Alþingi gerði því kröfu til þess, að landið fengi fullkominn siglingafána. En konungur hafnaði henni á meðan eigi væri samið í heild um samband landanna.



Ófriðurinn mikli 1914—18 leiddi það sama í ljós og þegar hafði komið á daginn í Napoleonsstyrjöldunum, að þegar verulega reyndi á, urðu Íslendingar að bjarga sjer sjálfríki í skiftum sínum við aðrar þjóðir.

Í þessari styrjöld var það mjög haft við orð af Vesturveldunum, sem flestir hugðu að myndu sigra, sem og varð, að þau berðist fyrir sjálfs-ákvörðunarrjetti þjóðanna og þá eigi síst frjálsræði smáþjóðanna.

Danir vildu sem aðrir njóta góðas af kennungum þessum og reyna að fá aftur í skjóli þeirra þann hluta Suður-Jótlands, sem ranglega hafði verið tekinn af þeim. En þeir sáu sem var, að aðstaða þeirra til þess var örðug, nema því aðeins, að þeir hefði áður náð samkomulagi við Íslendinga um sjálftæðiskröfur þeirra.

Varð þetta, ásamt meðfæddri sanngirni hinnar dönsku þjóðar, til þess, að dönsk stjórnvöld urðu þess hvetjandi snemma árs 1918, að samningar væri teknir upp milli landanna.

Að sjálfsögðu stóð eigi á Íslendingum til þeirrar samningagerðar. Til-nefndi hvor aðili 4 menn. Af Íslendinga hálfu voru nefndir til: Jóhannes bæjarfógei Jóhannesson, einn samningamanna frá 1908 og í hópi

reyndustu og færstu þingmanna, Bjarni háskólkennari Jónsson frá Vogi, einn hinna skeleggustu bar-áttumanna fyrir sjálfstæði landsins, Einar prfessor Arnórsson, sá, er af síðari tíma mönnum hafði glegst gert grein fyrir rjetti landsins. Og loks Þorsteinn M. síðar bóksali Jónsson, er þá var ungur en atkvæðamikill þingmaður. Af hálfu Dana voru nefndir til mikilsvirtir stjórnsmála-menn þar í landi.

Samningarnir fóru fram í Reykjavík og eru tillögur nefndarinnar undirritaðar 18. júlí 1918 af nefndar-mönnum og ráðuneyti Íslands, en í því voru: Jón forsætisráðherra Magnússon, Sigurður Eggerz og Sigurður Jónsson.

Alþingi samþykti sambandslögin síðan um haustið 1918. Guldu allir þingmenn þeim jáyrði nema þeir Benedikt Sveinsson og Magnús Torfason, sem veittu þeim harða mótsprunu, vegna þess að þau færi of langt í rjettindaveislum til Dana. Því næst voru þau lögð undir þjóðaratkvæði og öðluðust samþykki yfirgræfandi meiri hluta kjósenda. Í Danmörku voru þau einnig samþykt á lögformlegan hátt með mótsprunu íhaldsmanna einna þar í landi. Hlutu þau loks staðfestingu konungs og gengu í gildi 1. desember 1918.

Þýding sambandslaganna fyrir Ísland var einkum sú, að þá viður-kendu Danir, að Ísland væri frjálst og fullvalda ríki. Þeir játuðu, að Ísland væri eigi lengur óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. Landið varð í framkvæmd laust úr ríkisheild Danmerkur, svo sem það hafði að rjettum lögum ætið verið.

Hinu-verður ekki neitað, að full-veldisviðurkenningin var dýru verði keypt. Þrátt fyrir orðanna hljóðan var frelsið frekar í orði en á borði. Íslendingar urðu að viðurkenna skifti danskra stjórnvalda af mál-eftum Íslands og yfirráð þeirra um þau, slik, er þeir aldrei áður höfðu undir gengist, heldur þvert á móti andmælt, er ástæða gafst til.

En Íslendingar gengust undir samninga um sameiginlegan konung, skilorðsbundna meðferð Dana á utanríkismálum Íslands, jafnrjetti begnanna, dómsvald hins danska hæstarjettar í íslenskum málum og

danska landhelgsgæslu við Ísland, að því einu, að þeir áttu samkvæmt ákvæðum sambandslaganna sjálfrá-rjett á að segja þessari forsjá Dana upp, ýmist þegar í stað eða að 25 árum liðnum.

Þegar á fyrsta ári eftir gildistöku sambandslaganna, þ. e. 1919, stofnuðu Íslendingar sinn eigin hæstarejett. Þeir tóku og skjótlega landhelgsgæsluna að nokkru leyti í sínar hendur. Og meðferð utanríkismála færðist meira og meira til íslenskra stjórnvalda, þrátt fyrir ákvæði sambandslaganna.

Þá var því og þegar lýst á Alþingi 1928 fyrir forgöngu Sigurðar Eggerz, að uppsagnarákvæða sambandslaganna myndi neytt svo fljótt sem heimilt væri. Hið saman kom enn skýrar fram á Alþingi 1937. Um hug Íslendinga var því eigi að villast.



Atburðirnir urðu þó Íslendingum skjótari. Áður en landsmenn fengi neytt uppsagnarákvæða sambandslaganna, þá nam lífið sjálft þau raunverulega úr gildi.

Á einni nótturni vorið 1940 varð Alþingi að taka handhöfn konungs-valds, meðferð utanríkismála og landhelgsgæslu að öllu inn í landið, þar sem Danmörk var hernumin, samgönguleiðir milli landanna rofnuðu og konungi og dönskum stjórn-völdum varð ómögulegt að gegna skyldum sínum gagnvart Íslendingum.

Með þessu kom enn á daginn, að konungdæmið og forsjá danska stjórnvalda í íslenskum málum hvarf, þegar mest á reið. Þegar aetla hefði mætt, að Íslendingar þyrfti helst á annara forsjá að halda, þá urðu þeir alt að eiga undir sjálsum sjer og nutu einskis frá þeim, sem þróngvað höfðu þeim til forsjá sinnar.

Enn var þó beðið um sinn með að nema sambandslögin formlega úr gildi og stofna lýðveldi, svo sem allir vissu að verða mundi, er sambandslögin væri úr sögunni. Alþingi lýsti hinsvegar í maí 1941 einhuga yfir rjetti landsmanna til þessara ráðstafana, og bjó, með skipun ríkis-stjóra, tryggilegar en áður um handhöfn konungsvalds.

Skömmu síðar fengust í her-

verndarsamningunum við Bandaríkin ótvíræðar viðurkenningar Bandaríkjamaðanna og Breta á algeru frelsi og fullveldi landsins. Í þessu fólst að sjálfsögðu, að Íslendingar rjeði einir stjórnskipun sinni, og sjálf var þessi samningagerð ótvírett vitni um, að sambandslögin væri í framkvæmd fallin úr gildi.

Bandaríkin fengu því raunar einu ári síðar áorkað, að formlegum sambandsslitum og stofnun lýðveldis var frestað fram yfir árslok 1943. Venfengdu þeir þó að sjálfsögðu aldrei rjett Íslendinga til þessara athafna þegar á árinu 1942 og hjetu fyrir fram hinu íslenska lýðveldi fullri viðurkenningu sinni, ef að óskum þeirra væri farið.

Haustið 1942 voru síðan sett stjórnskiparlög um það, með hverjum hætti stofnun lýðveldis skyldi fram fara. Var með því sjeð fyrir, að óskyldum málum væri eigi blandað inn í sjálftæðismálið og eðli málsins samkvæmt ákvæði, að þjóðin sjálf skyldi hafa endanlegt ákvörðunarvald um, hvort hún vildi stofna lýðveldi eða eigi.

Vorið 1943 lagði millipinganeftndi í stjórnarskrármálinu fram frv. að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og till. um afnám sambandslaganna frá 1918. Allur almenningur taldi sjálf sagt að afgreiða málíð í meginatriðum með þeim hætti, er stjórnarskrár-nefndin lagði til. Alþingi varð og eftir nokkurt þóf sammála um þá meðferð málsins.

Í samræmi við ákvæðanir þingsings fór síðan fram þjóðaratkvæðagreiðsla um sambandsslit og stofnun lýðveldis. Lauk þeirri atkvæðagreiðslu að kvöldi hins 23. maí 1944. Þátttaka í henni varð meiri en dæmi eru til í öðrum lýðfrjásum löndum og reyndust mótagvæði sára fá. Nær allir jkósendur lýstu sig fylgjandi sambandsslitum við Danmörku og stofnun lýðveldis á Íslandi. Svo sem vitað var af fyrri yfirlýsingum lýstu helstu stórveldi bandamanna þegar viðurkenningu sinni á þessum aðgerðum, og af smærri ríkjum urðu Norðmenn fyrstir til að viðurkenna algert frelsi Íslands.

Samkvæmt ályktunum Alþingis, er á ný kom saman til funda 10. júní, hafa sambandslögin frá 1918 því verið formlega úr gildi feld og lýðveldi verður stofnað á Íslandi í dag, hinn 17. júní 1944.



Samkoman 1. des. 1918 við Stjórnarráðshúsið.

Ólafur Thors:

STEFNA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS OG ÞJÓÐAREÐLI ÍSLENDINGA

Á SÍÐASTA ÞINGI voru lengst af horfur á, að hver höndin yrði uppi móti annarri um afgreiðslu sjálfstæðismálsins. Að lokum fór þó svo, að allsherjar sættir tókust.

Allir viðurkendu að með þessu hefði þingið borgið eigin virðingu og styrkt málstað Íslendinga út á við. En nokkurs uggs varð vart um að í kjölfar friðar og einingar á Alþingi myndi sigla deyfð og áhugaleysi við þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Nú er þeim kviða afljett.

Þjóðaratkvæðagreiðslan dagana 20.—23. maí, sýndi nær fullkomna einingu þjóðar, sem annars er um alt of margt uggvænlega sjálfri sjer sundurþykk. Nú skilja menn, að fyrir atkvæðagreiðsluna ríkti ró en ekki deyfð, — að þögnin, sem lengstaf var goldin við úrtöluröddum átti sjer ekki rætur í ráðþrota sinnuleysi heldur í hinu, að þjóð sem veit hvað hún vill og er sjálfráð gerða sinna, nægir að láta verkin tala. Það gerðu Íslendingar dagana 20.—23. maí.

HJER skal ekki rakin frelsisbaráttá Íslendinga. Hún hefir verið hardari, og geymir minningu um meiri þrautseigju og sterkari frelsisþrá en margur gerir sjer grein fyrir. Og hún mun leiða í ljós, að enda þótt forystumenn þjóðarinnar fram að 1918 oft greindi á um leiðir, stefndu þó flestir að því marki að slíta viðjarnar af þjóðinni svo fljótt sem unt yrði.

Einnig á síðasta áfanganum hefir oft skorist í odda, og ekki hvað síst síðustu tvö árin. Er vel að það gleymist er miður hefir farið í fögnumið yfir því, hve giftusamlega hefir tekist til, er leikslok urðu þau að fyrst sameinaðist þingið en síðan þjóðin. Er það í rauninni segurstí óðurinn sem Íslendingar gátu kveðið ættjörðinni, nú þegar hún skín við þeim alfrjáls við endurreisn hins íslenska lýðveldis.


Í DAG ber að fagna hinu fengna frelsi með þakklátri virðingu fyrir þolgóðri baráttu forfedranna. En í dag ber eigi eingöngu að horfa um öxl, heldur einnig og engu síður að skygnast fram á veginn og

gera sjer þess fulla grein að eigi er vandaminna að gæta fengins fjár en að afla þess, síst auðveldara að varðveita svo hið fengna frelsi, að okkur haldist á því um alla framtíð, en sækja það í annarra hendur, svo sem nú hefir gert verið.

A síðasta áfanga sjálfstæðisbaráttunnar heyrðust stundum raddir, sem kváðu fast á um það, að raunverulegt sjálfstæði Íslendinga lægi ekki í endurheimt rjettarins úr höndum Dana, heldur í hinu, að bæta fjárhag þjóðarinnar og efla atvinnulíf hennar. Sjálfstæðismenn gerðust til þess að þagga þann hljóðum niður — í bili. Má að sönnu segja að það sje kaldhæðni örlaganna að flokkur sem lagt hefir höfuðáherslu á heilbrigða efnahagsþróun, skyldi velja sjer slíkt hlutskifti. Skýringin liggar í því, að Sjálfstæðisflokkurinn taldi fyrir öllu að þá stundina glepti ekert athygli Íslendinga frá nauðsyn þess að endurheimta fullt stjórnskipulegt frelsi þjóðarinnar.

PEGAR Sjálfstæðisflokkurinn var

anna er á enda“.



JÓN ÞORLÁKSSON

fyrsti formaður Sjálfstæðisflokkssins, er markaði stefnu hans.

stofnaður 1929 með samruna Íhalds- og Frjálslyndaflokkssins, markaði hann stefnu sína á þennan hátt:

Í fyrsta lagi:

„að vinna að því og undirbúa það, að Ísland taki að fullu og öllu sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina, jafnskjótt og 25 ára samningstímabil sambandslag-

föðru lagi:

„að vinna í innanlandsmálum að viðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stjórnar fyrir augum“.

Pessum tveim stefnumörkum hefir Sjálfstæðisflokkurinn altaf síðan barist fyrir. Og enda þótt hið pólitíkska sjálfstæði að sjálfsögðu væri sett öllu öðru ofar meðan á úrslitum þeirrar baráttu stóð, þá hefir flokkurinn aldrei mist sjónar á því, hver höfuðnauðsyn það er Íslendingum að fylgja stefnu flokksins á svíði innanlandsmálanna.


Það ræður því að líkum að nú þegar lokahríð sjálfstæðisbaráttunnar er um garð gengin, eru Sjálfstæðismenn þess albúrir, fúsir og hvetjandi, að þeirra gamli fáni sjedreginn við hún, og upptekinn sá annar aðalþáttur í baráttu stefnu flokksins, er frá öndverðu hefir einkent alla starfsemi hans og varðar leið hans á vettvangi stjórmálanna, — baráttan fyrir því að tryggja efnahagsafkomu þjóðarinnar, og að geirnegla jafnframst svo nýja og forna menningu þjóðarinnar að hvergi rofni tengsl hinnar nýju og auknu menningar og þeirrar gömlu og þjóðlegu.

„A framtaki einstaklinganna og frelsi þeirra til þess að



Frá síðasta Landsfundu Sjálfstæðisflokkssins 1943.

— Stefna Sjálfstæðisflokkssins



Frá Landsfundi Sjálfstæðismanna á Pingvöllum 1936.

beita kröftum sínum innan leyfilegra takmarka, sjer og sínum til hagsbóta, byggir þessi stefna fyrst og fremst vonirnar um framhaldandi umbætur á lífskjörum þjóðarinnar".

Pannig lýsti himm vitri foringi Sjálfstæðismanna, Jón Þorláksson, fyrir 15 árum sjálfstæðistefnunni. Honum var ljóst, að sem viðtækast frelsi einstaklingsins til þess „innan leyfilegra takmarka“ að afla lífsins gæða „sjer og sínum til hagsbóta“, var öruggasta leiðin til þess að bæta einig lífskjör sem flestra annarra. Það er órækur vottur um sannleiksgildi þessara orða Jóns Þorlákssonar, ágæti stefnumar sjálfarar og pólitískan þroska Íslendinga, að þrátt fyrir þá staðreynd, að aldrei hafa jafn margar og voldugar öldur erlends umróts borist að ströndum Íslands og riðið yfir þessa lífsskóðun, sem á þeim 15 árum, sem liðin eru frá því að Jón Þorláksson mælti þau, þá aðhyllast þó fleiri Íslendingar þessa stjórnmálastefnu í dag en nokkuð sinni fyr.

ÍSLENDINGAR hafa lengst af verið einstaklega fátæk þjóð. Með framsýni, sparssemi og óvenjulegu framtaki brutust margin til bjargálna síðustu áratugina. Langvarandi kreppa í atvinnulífinu, sem hófst um 1930, hafði þó lamað þróttina svo að nýju, að wjög var af mörgum dregið þegar heimsstyrjöldin skall á. Hjer er þess ekki kostur að rekja áhrif 6friðarins á íslenskt þjóðlíf. Það eitt skal sagt, að þess var ekki að vænta að við rötuðum skemstu leið út úr því völundarhúsi er við vorum fluttir í, nje gerðum oss í taka til rjetta grein fyrir því er framför, eða afleiðingum hvers spors sem stigið hefir verið. Hitt var að vónum, að gullædið gripi um sig þegar peningaflóðið streymdi yfir þessa fjevana þjóð. En nú er að greiða úr því sem orðið er, og freista þess að komast yfir torfærurnar. Má engin ætla að það verði auðleikið, en ekki særir að gefast upp þótt leiðin sje áfætis.

Sjálfsgagt er það nauðsynlegt að

Íslendingar geri sjer sem fyrst grein fyrir því, að það mun reynast þjóðinni örðugt að taka upp fyrri lifnaðarhætti, enda æskilegt að hún þurfti þess ekki, jafn skarðan hlut sem margur hefir frá borði borið. Hitt er víst, að án mikilla tilþrifa er litils góðs að vænta. Öllum er nú að verða ljóst að þegar í stað er ófriðnum ljettir mun fábreytt útflutningsvara Íslendinga hríðfalla í verði. Undir þann leka verður að setja, og það strax. — Svetur sitjandi kráka. — Við verðum tafarlaust að leita nýrra úrræða til sjálfbjargar. Við vitum að íslenska moldin er frjó, fiskimiðin rík, afl eflunnar og fossins ótæmandi og margvisleg auðæfi fólgin í iðrum jardar. Íslendingum á því að vera líft, og það vel á þessu landi. En á því ríður, að okkur skiljist að sjerhver þjóð verður að lífa í samræmi við eðli sitt ef henni að vel að farnast. Það þodord er hægt að brjóta. En lög-málín verður ekki breytt. Í langri baráttu Íslendinga við óblíða náttúru, alt frá landnámstíð og fram á þennan dag, hefir einstaklingshyggja þjóðarinnar broskast; löngum og þörf Íslendinga til athafna-frelsis á sem flestum svíðum styrkst. Aflgjafi þeirrar baráttu hefir lengst af verið vitund þess að uppskeran fjell einstaklingum og skyldulíði hans. Með þeirri stádreynd verður þjóðin að reikna, og á henni að byggja atvinnulöggjöf sína svo sem frekast er auðið. Ella mun það sannast að þótt lindirnar sjen margar og ríkar, þá mun þó fengurinn seint sækjast ef athafnaþrá Íslendingins er lögð í viðjar óteljandi hafta og banna, og sjálfbjargarvileitnin dreppin með því að ræna hardsóttri björg jafn-skjött sem hún er færð í búið.

Íslendingar komast aldrei klak-laust út úr þeim vanda sem framundan er, nema undir handleiðslu öfgalausrar frjálslyndrar umbóta-stefnu, sem miðar, við hagsmuni allra stjetta. Menn verða að hætta að öfundast yfir og ýfast gegn bættum efnahag einstaklingsins. Bætt fjárhagsafkoma er fátækri þjóðarhlíð hagsmunumál og gleði-

efni. Aðalatriðið er að afla auðsins. Hann dreifist óðar og kemur öllum að góðu; ef ekki í dag, þá á morgun. Og með hófsönum ráðum og hyggilegum, er vel auðið, án þess að drepa sjálfbjargarvileitnina, að tryggja það að skorti verði bægt frá hvers manns dyrum. Með því, og því einu móti, er hægt að ná því marki, sem allir sækjast eftir, að sjá öllum þeim þegnum þjóðfjelagsins borgið, sem sjálfir vilja leggja sitt af mörkum í efnahagsbaráttunni eftir því sem getan leyfir.

Það er þetta sem Sjálfstæðismenn skilja. Á forystu, auknu fylgi og sem fylstum ráðum þeirrar stefnu veltur framtíð Íslendinga.

Það var víst hinn merki breski stjórnmálamaður, Disraeli, sem sagði: Í stjórnálum er það þrennt sem alt veltur á: Í fyrsta lagi er það: heilbrigð skynsemi. Í öðru lagi er það: heilbrigð skynsemi. Í þriðjalagi er það: heilbrigð skynsemi.

Þetta þurfa Íslendingar að gera sjer ljóst. Það eru ekki öfgarar eða fagurgalinn sem vísa leðina: Íluugun, róleg dómgreind, — heilbrigð skynsemi — mun sannfæra þjóðina um að reynist hún sjálfrí sjer trú, vilji hún lífa í samræmi við eðlishneigð Íslendingins til at hafna-frelsis mun henni vel farnast.

Áreiðanlega höfum við Íslendingar almennt gert okkur mjög ófullkomna grein fyrir því í hve ríkum mæli gæfan hefir krýnt okkur einmitt nú seinstu árin. Okkur hefir eigi aðeins að mestu verið hlíft við þeim ómælanlegu hörmungum sem þjakað hafa svo allt of marga aðra, heldur höfum við nú öðlast stjórnskipulegt frelsi og auk þess svo bættan efnahag, að í fyrsta skipti í sögu þjóðarinnar eru nú fyrir hendi aðstæður til að tryggja öllum lífvænlega afkomu um langa framtíð.

Sjaldan hefir nokkurri þjóð verið fengið í hendur blutfallslega jafn mikil fríðindi á jafn skömmum tíma. Aldrei fyr höfum við Íslendingar búið við slika gæfu. Aldrei hefir á herðar okkar verið lögð ríkari skylda um ábyrga hegðun en einmitt nú.

Hvérnig ætlum við Íslendingar að bregðast við þessum gæðum og þeirri skyldu sem þeim fylgir?

Við svörum þeirri spurningu á næstu mánnendum og árum. Það veltur á því svari hvort við verðum taldir verstu ógæfumenn eða kynslóðin sem bar gæfu til að gæta sín gegn ofmætnaði velsældarinnar, gerði skyldu sína og tryggði með því frelsi þjóðarinnar um ókomnar aldir.

Olafur Thors.

HANNES HAFSTEIN Á PINGI.



HANNES HAFSTEIN, 1861—1923.

Myndin tekin af honum við þingsetningu 1915.

STÓRVIRKUSTU FRAMLEIÐSLUTÆKIN

EFTIR JÓN KJARTANSSON

Í LOK fyrri heimsstyrjaldar áttu Íslendingar aðeins 5 togara. Allir aðrir togarar, sem landsmenn áttu, voru seldir úr landi, meðan styrjöldin stóð yfir. Mörgum þótti þetta miður farið, en því er ekki að neita, að sala togaranna úr landi varð til þess, að Íslendingar eignuðust miklu betri skip að stríðinu loknu.

Íslendingar ljetu ekki á sjer standa að ráðast í byggingu togara eftir fyrri heimsstyrjöld, strax og þess var kostur. Og það leið ekki langur tími þar til þeir áttu álitlegan togaraflofa. En mest um vert var það, að þetta var yfirleitt úrvvalsfloti. Má fullyrða, að togararnir, sem Íslendingar eignuðust eftir fyrri heimsstyrjöld, skoruðu langt fram úr skipum annarra þjóða, sem þá sóttu á miðin við strendur landsins.

Þetta var mikið happ fyrir íslensku þjóðina, því að það er ekki að efa, að togararnir eru stórvirkustu framleiðslutækin, sem Íslendingar hafa nokkurn tíma eignast. Þeir hafa fært lang mesta björg i þjóðarbúið. Og þeir hafa trygt fólkini, sem starf-að hefir hjá þessum fyrirtækjum, besta og öruggasta atvinnu.

Segja má með sanni, að rekja megi til togaraflotans allar hinarrisavöxnun framfarir, sem orðið hafa hjer á landi síðasta aldarfjörðunginn. Hann hefir átt drýgstan þátt i því, að leggja grundvöllinn að efnalegu sjálftædi landsins.


VIÐHORFIÐ NÚ.

ÆTLA mætti, að ráðamenn þjóðarinnar kappkostuðu að búa vel að þessum stórvirka atvinnuvegi. En þegar litid er á raunveruleikann í þessu efni, blasir alt annað við.

Áður en núverandi heimsstyrjöld skall á, áttu Íslendingar 38 togara. Nú eiga þeir ekki nema 31 togara. Þeir hafa á þessum árum mist 7 togara, þar af 6 af völdum styrjaldarinnar og voru meðal þeirra stærstu og bestu skipin í flotanum.

Meðalaldur þeirra togara, sem enn eru í eigu Íslendinga er um $26\frac{1}{2}$ ár. Hæfilegur aldur togara er talinn 20 ár, svo að ekki er um að villast, hvert stefnir fyrir þessari atvinnugrein í náinni framtíði.

EKKI eru skiptar skoðanir um það, meðal þeirra, sem kunnugir eru togararekstri, að þessir gömlu og úreltu íslensku togarar geta á engan hátt staðist samkepni við þau erlendu skip, sem koma til að keppa við okkur að stríðinu loknu. Má því full-



Teikning Pórðar Runólfssonar af „Botnvörpuskipi framtíðarinnar“, sem hlaut verðlaun í samkepnisútboði Samtryggingar ísl. botnvörpunga 1943.

yrða, að togarautgerð á enga framtíð hjer á landi, ef ekki verða gerðar ráðstafanir til þess að auka flotann stórlægum endurnýja hin gömlu skip.

Þetta hefir útgerðarmönnum — og ekki síður sjómönnunum — verið ljóst um langt skeið. En það hefir gengið furðanlega erfiðlega að fá Alþingi og aðra ráðamenn þjóðarinnar til þess að skilja þessi einföldu sannindu.

NÝBYGGINGASJÓDIRNIR.

MEÐ STOFNUN nýbyggingasjóðanna 1941, var gerð virðingarverð tilraun til þess að skapa möguleika til endurnýjunar fiskiskipaflotans. Að vísu var skrefið ekki stórt. En þó sýndi það, að vaknaður var skilningur á nauðsyn þessa máls.

Afkoman hja togurunum var mjög bágborin fyrir stríð. Voru togarafjelögum skuldum vafin, eftir margra ára taprekstur og einskis megnug til þess að endurnýja skipin. Með stríðinu gerbreyttist þetta. Togarafjelögum rifu sig úr skuldum og höfðu möguleika til þess að eignast gilda sjóði.

Nú gafst tækifæri til að tryggja framtíð togarautgerðarinnar. Nú átti að leggja höfuðáherslu á, að auka og efla nýbyggingasjóðina, svo að unt yrði að kaupa ný skip strax að stríðinu loknu og endurnýja hin gömlu.

En Alþingi skildi ekki þessa nauðsyn. Það taldi hagnað togaranna betur kominn í ríkissjóðnum en í nýbyggingasjóðunum. Það gekk dyggi-lega fram í því, að hækka skattana, en neitaði að hækka framlagið í nýbyggingasjóðina. Svo hefir það gengið til fram á þenna dag.

Í árslok 1943 námu allir nýbyggingasjóðir togarafjelaganna kr.

13.486.696.00; en þá er ekki komið inn, sem greitt verður í sjóðina af tekjum ársins '43, sem mun vera um 2 milj. kr. Þett er fjármagnið, sem togarafjelögum ráða yfir nú til endurnýjunar flotans. Lætur það nærrí að það nægi til þess að kaupa 6—7 nýtisku togara að stríðinu loknu. Lengra kemst það ekki.

Sjá væntanlega allir að hjer stefnir í fullkomið 6efni. Öll skipin í togaraflotanum verða ósamkepnisfær að stríðinu loknu. En togarafjelögum hafa ekki möguleika til að eignast nema 6—7 skip.

Ef vel væri sjeð fyrir framtíð þessa atvinnuvegar, byrfti ekki aðeins að endurnýja öll gömlu skipin og einnig bau, sem tapast hafa, heldur byrfti að fylga stórlægum togurum landsmanna. Íslendingar byrftu að eiga 50—60 togara eftir stríð, en eiga nú 31 skip og er meðalaldur þeirra $26\frac{1}{2}$ ár.

Geta valdhafarnir horft á þessar staðreyndir og verið samt aðgerðarlausir? Ef til vill er tækifærið glatað. Þó er það ekki vist. Ef hafist yrði handa nú þegar og höfuðáhersla á það lögð að efla nýbyggingarsjóðina, er ekki útilokað að togarautgerð eigi hjer enn einhverja framtíð.

AFKOMA TOGARANNA NÚ.

MARGIR munu líta svo á, að þrátt fyrir hina gífurlegu skatta, sem togarafjelögum greiða nú, sje gróði þeirra stórkostlegur og þeim sje því vorkunnarlaust að endurnýja flotann, án frekari aðgerðar af hálfu hins opinbera.

Jeg vildi ganga úr skugga um þetta og sneri mjer til formanns Fjellags íslenskra botnvörpuskipaeigenda

Kjartans Thors framkvæmdastjóra og bað hann um nokkrar upplýsingar um rekstursafkomu togaranna nú. Hann varð góðfúslega við þessum tilmælum og fóli skrifstofustjóra fjelagsins, Jakobi Hafstein, að láta mjer í tje umbeðnar upplýsingar. Óskað var upplýsinga um eftirtöld atriði:

1. Reksturútgjöld togaranna í heild.

2. Vinnulaun (kaupgreiðslur) fyrirtækjanna.

3. Opinber gjöld (skatta, útsvör, útflutningsgjöld o. fl.).

4. Heildarsölu skipanna.

Alt skyldi miðast við rekstur skipanna s. 1. ár.

Skrifstofa F. Í. B. fækkt útdrátt endurskoðaðra rekstursreikninga 26 togara. (Reikningar komu ekki frá tveim togurum Bæjarútgérðar Hafnarfjarðar, Max Pemberton, Rán, Þorfinni og Íslendingi).

Útkoman var þessi:

Heildar rekstursútgjöld þessara 26 togara varð á árinu kr. 85.273.253.00.

Par í er með talið framlag í nýbyggingasjóðina á s.l. ári, sem greitt var af tekjum ársins 1942 og mun sú upp hæð nema um $2\frac{1}{2}$ —3 milj. kr.

Vinnulaun (kaupgreiðsla og .fl.) sömu skipa kr. 37.476.500,00 (aurum slept).

Opinber gjöld (skattar, útsvör, útflutningsgj. o. fl.) kr. 15.568.622.00.


Heildarsala þessara sömu skipa nam kr. 81.868.128.00.

Petta var verð fiskssins. Þess utan er lýsið. En um andvirði þess er ekki fullkunnugt ennþá. Tala lifrafata þessara 26 skipa var á árinu 39.342 fót.

Framanskráðar tölur sýna, að þrátt fyrir ágætar sólur togaranna, er svo komið, að ekki má mikið út af bera, til þess að taprekstur verði á útgerðinni. Það er hinn gífurlegi reksturskostnaður togaranna, sem stefnir útgerðinni í hættu. Og það sjer væntanlega hver maður, að miljónatöpin verða fljót að koma, þegar markaðurinn fellur.

En fer það ekki að verða all alvarlegt ihugunarefni fyrir alþingismenn og aðra ráðamenn þjóðarinnar, að skattar og opinber gjöld togarafjelaganna á einu ári nema sem svarar öllum nýbyggingasjóðunum.

Framh. á bls. 13



Teikning Erlings Porkelssonar af „Botnvörpuskipi framtíðarinnar“, sem hlaut verðlaun í samkepnisútboði Samtryggingar ísl. botnvörpunga 1943.

Á PESSIONU ÁRI,

er Ísland öðlast aftur að fullu sitt forna sjálfstæði, hefur timburverslun sú, sem sett var á stofn í byrjun ársins 1904 við Klapparvör í Reykjavík verið starfrækt í 40 ár.

FYRIR LÖNGU

er verslunin orðin stærsta og bekktasta timburverslun landsins, og hefur á þessu mesta framfaratímabili í sögu þjóðarinnar selt timbur og ýmsar aðrar byggingavörur í flest þau hús, sem byggð hafa verið á þessu tímabili.

VERSILUNIN

hefur ávalt kappkostað að flytja inn og selja þær bestu byggingarvörur, sem völ hefur verið á á hverjum tíma, og fengið að launum þakkir fjölmargra viðskiftamanna fyrir góð viðskifti.

VJER,

sem nú rekum þessa verslun, notum þetta tækifæri til þess að senda öllum þeim mörgu landsmönnum, er skift hafa við verslunina á undanförnum árum, þakklæti fyrir traust, vináttu og ánægjuleg viðskifti.

**TIMBURVERSLUNIN VÖLUNDUR H.F.
REYKJAVÍK**

— Stórvirkustu framleiðslutækin

Framh. af bls. 11

TOGARI FRAMTÍÐARINNAR.

SVO SEM kunnugt er efndi Samtrygging ísl. botnvörpunga á s. 1. ári til verðlaunasamkepni um teikningar að nýtisku togara. Var efnt til þess arar samkepni i tilefni af 20 ára starfsafmæli Samtryggingarinnar og skyldi teikningunum gefið naftnið: „Botnvörpuskip framtíðarinnar“.

Samtryggingunni bárust 5 teikningar, frá fjórum mönnum. Í dómnefnd voru eftirtaldir menn: Kjartan Thors framkvæmdastjóri, tilnefndur af Fjelagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og var hann formaður nefndarinnar, Ásgeir Þorsteinsson forstjóri, tilnefndur af Samtryggingu ísl. botnvörpunga, Kolbeinn Sigurðsson skipstjóri, tilnefndur af Skipstjórafjelaginu Ægi, Jón A. Pjetursson, hafnsögum., tilnefndur af sjómanna-fjelögunum í Reykjavík og Hafnarfirði og Þorsteinn Árnason vjelstjóri, tilnefndur af Vjelstjórafjelagi Íslands.

Dómnefndinni kom saman um að lokinni athugun, að engin fyrstu verðlaun yrðu veitt. Hinsvegar skyldu veitt tvenn önnur verðlaun, og hlutu þau þeir **Pórðar Runólfsson** verksmiðjuskoðunarstjóri og **Erlingur Porkelsson** vjelfræðingur. Samtrygging ísl. botnvörpunga ákvað, eftir að hafa keypt teikningar þessar, að gefa þær Fjelagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, og hefir blaðið fengið leyfi hjá því til að birta myndir af þeim. (Sjá myndir á s. 11).

TEIKNING PÓRÐAR RUNÓLFSSONAR.


FER hjer á eftir stuttur útdráttur úr greinargerð (skýringum) á teikningu Pórðar Runólfssonar:

Aðalmál skipsins: Lengd: 52.20 m. Breidd: 8.50 m. Dýpt: 4.30 m. Rými nálað 535 smálestir.


Gengið er út frá því að skipið geti jafnt stundað ísfiskveiðar og siglt með aflann til Englands, eða meginlands Evrópu eða saltfiskveiðar við Ísland og nálæg fiskimið.

Fiskilestar skipsins eru fjórar, og samanlagt rúmmál þeirra nál. 445 teningsmetrar. Lestarnar eru einangr aðar eins og venjulegt er um kæli-rum í skipum, svo að hægt sje að að geyma í þeim kulda. Í vjelarúmi er gert ráð fyrir tveim kælivjela-samstæðum, sem eiga að halda lest-unum köldum.

Skipið er alt með tvöföldum botni



EINN AF NÝRRI TOGURUM Breta, sem stundaði veiðar hjer við land fyrir stríð.



PANNIG LITU ÚT nýjustu togarar Ameríkumanna fyrir stríð.

og í því eru sjö vatnspjett þil. Akkerisvindan er rafknúin og komið fyrir uppi á hvalbaknum. Undir hvalbaknum er komið fyrir lýsisbræðslu og vjelum til fiskimjölvinslu, allstórra veiðarfærageymslu, salerni og skáp. Undir þilfari fremst í skipinu er stafnhylli, keðukjallari og fiskimjölslest nál. 80 ten.m. að rúmmáli, aftan við hana er lítil lest til veiðarfærageymslu.

Hylki (tankar) í skipinu eru fjögur fyrir neytsluvatn samtals 105 smál., tvö fyrir eldsneytisoli fyrir samtals nál. 170 smál., sem er nálað 35 daga forði handa skipinu í fullum gangi. Undir öxulgangi er hylki undir 2 smál. smurningsoli. Aftur í skut er nál. 25 smál. hylki fyrir lýsi.

Vjelabúnaður skipsins:

Aðalvjar eru tvær, hvor 500 hö. með 375 snún. á min. Knýja vjelarnar sameiginlega einn skrúfuás með tanndrifi, sem lækkar snúningshraðann svo að snúningshraði skrúfunnar verður 125 á min. Vjelarnar eru ekki gangskiptanlegar og tengdar beint við tanndrifið.

Skrúfan er af svokallaðri „Kamewa“-gerð, með hreyfanlegum blöðum. Slikar skrúfur hafa lengi verið þektar á smáum skipum, en fyrir að eins fjórum árum, var slík skrúfa sem hjer um ræðir, sett á stórt skip, en sú tegund er nú í notkun á 50 til 60 hafskipum, m. a. á sánska farþegaskipinu „Suecia“ sem er 7200 smál. að stærð.

Gert er ráð fyrir að ganghraði skipsins sje nálað 12 mílur með báðum vjelum í fullum gangi, en 8 mílur ef aðeins önnur vjelin er í gangi.

Mannaibúðir: Eru miðskipa og á afturskipinu. Aftur af stýrishúsi er kortaklef, ibúð skipstjóra sem er skrifstofa, svefnklefi og baðklefi. Í

brúnni er einnig klefi loftsketamanns og er loftsketastöðin þar einnig. Í neðri brúnni framanverðri er herbergi fyrir 1. stýrim. og vjelstjóra og borðsalur fyrir yfirmenn. Gangur liggur aftur eftir vjelarreisn. Aftur á skipinu undir bátadekki, eru borðsalur, þvottaherbergi, sjóklæðageymsla, fjögur tveggja manna herbergi, eldhús og aftast í skipinu matvælageymsla.

Undir þilfari aftast eru tvö átta manna herbergi og tvö fjögra manna. Á bátabilfari eru tvö tveggja manna ibúðarherbergi, aftan við þau er kæli klefi fyrir matvæli skipsins, og þar fyrir aftan klefi fyrir stýrisvjelina, sem gert er ráð fyrir að sje fjarstýrð vökvaþrýsti-stýrisvjel.

Bátar skipsins eru tveir 18 feta langir og hanga í nýtisku, skrúfuðum bátauglum. Skipið er að sjálfsögðu búið öllum nýtisku siglinga- og ör-yggistækjum.

Teikning ERLINGS PORKELS-SONAR.

HJER er einnig stuttur útdráttur úr skýringum Erlings Porkelssonar:

Aðalmál skipsins:

Lengd: 50.29 m. — 165 fet ensk. Breidd: 8.23 m. — 27 fet ensk. Dýpt: 4.27 m. — 14 fet ensk.

Þilfarshús: Eru bygð á afturþilfari í allri breidd skipsins á 14. 5 m. lengd, í 4 m. breidd á miðju þilfari. Stýrishús, loftsketaherbergi og í-búð skipstjóra er ofan á þilfarshúsi fremst. Stýrisvjelarhús er aftast yfir þilfarsbyggingu.

Aftan við stýrishúsið er kortaklef og loftsketaklef, en þar fyrir aftan eru tvö herbergi fyrir skipstj., auk salernis og baðherbergis.

Neðan þilfars er skipinu skipt þannig með vatnspjettum skilrúnum: Fremst stafnhylli. Keðukjallari og netalest, en þar undir hráoliu-

tankar. Fram-fiskilest. Aftur-fiskilest. Fiskimjölslest. Vjelarúm. Mannaibúðir.

Lýsisgeymar eru í skipinu fyrir ca. 120 tunnur lýsis. Og hráoliugeymar fyrir ca. 165 tonn.

Aðalvjet skipsins 1000 til 1100 HK dieselvjet með beinu sambandi á skrúfu og er bessi vjel eingöngu notuð til þess að drífa skipið áfram. En auk þess eru ýmsar hjálparvjetar svo sem sjó- og lensidælur, loftdælur, olíudælur og dieselmotor og rafall fyrir togvinduna.


Íbúðir skipverja eru fyrir ala 35 manns. Fyrir aftan vjelarrúm undir þilfari, eru fjögur eins manns herbergi, eitt tveggja manna, eitt þriggja og tvö fimm manna herbergi.

Í yfirbyggingu skipsins á þilfari er einn 8 manna klefi og annar 4 manna. Í þilfarshúsi fyrir framan vjelarrúmsop, er sitt herbergið fyrir hvorn 1. vjelstj. og 1. stýrim. Og í stjórnpalli eins og fyrr segir, tvö herbergi fyrir skipstjóra og loftsketamanns.


Borðsal er komið fyrir aftast bb-megin í þilfarsbyggingu, og er ætlaður fyrir a. m. k. 20 manns. Eldhús er þar fyrir framan. Sömuleiðis er í þilfarsbyggingunni geymslur fyrir matvæli, geymsla fyrir hlifðarföt, vatnssalerni o. fl. Gengið er inn í þilfarsbyggingu sb og bb. frá þilfari aftast. Er þessi inngangur lok-aður með tveim hurðum (venjul. hurð og þjettihurð að utan), er þjetti hurðin til þess að hægt sje að loka ganginum alveg, ef vont er veður. Tveir gangar liggja aftur með vjelarreisn, en sameinast í einn gang þar fyrir aftan. Frá þessum göngum er gengið inn í ibúðarherbergi, matsal, eldhús, geymslur, W. C. og baðherbergi, niður til ibúða undir þilfari og upp á bátabilfar, einnig inn í vjelarreisn. BB-megin liggur gangur fram þilfarsbygginguna og er gengið úr þeim gangi inn í herb. 1. vjelstj. og stýrim., en áframhaldgangsins liggur fram í herbergi togvinduvjela og upp til stýrishúss. Þannig er innangengt um allar íbúðir skipverja, til matsalar, vjelarrúms og stýrishúss.

Í vjelarrúmi er frystivjel, nægilega stórt til þess að kæla með fiskilestar skipsins, þegar fluttur er ísfiskur. Í sambandi við rafmagnskerfi skipsins er komið fyrir hæðarmælum, sem hægt er að lesa á, ef straumur er settur á þá, hve mikil vatn eða olia

Framh. á bls. 30.



PESSI ÞÝSKI TOGARI gat haldið áfram veiðum á Halamiðum fyrir stríð, þegar íslensku togararnir urðu að leita hafna vegna veðurs.



Verslunaráþján

og erlend kúgun hafa lengst af haldist í hendur hjer á landi.

Eitt stærsta afrekið

í sögu íslensku þjóðarinnar á þessari öld er, að hún hefir tekið alla verslun í eigin hendur og gert hana algerlega innlenda.

Íslensk verslunarstjett

hefir því leyst af hendi einn veigamesta þáttinn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

Framtíð

sjálfstæðis vors er að mjög verulegu leyti undir því komin hvernig tekst að leysa verslunarmál þjóðarinnar í framtíðinni.

Firma vort

hefir á undanförnum árum leitast við að taka þátt í þessu starfi og hefir fullan hug á að leggja sinn skerf til bess í framtíðinni.

EGGERT KRISTJÁNSSON & CO. H.F.

ÞETTA LAND Á ÆRINN AUÐ — EF MENN KUNNA AÐ NOTA' ANN


Nokkru fyrir aldamótin hóf fjelaus og heilsulítill sveitapiltur að nafni Halldór Guðmundsson, — ættaður úr Skaftafellssýslu, — járnsmíðanám í Reykjavík og lýkur því árið 1898 þá 23 ára gamall.

Árið 1899 siglir Halldór til Kaupmannahafnar til þess að leggja stund á vjelfræði og þó að hann verði sjálfur að sjá sjer farborða með því að vinna að vjelsmíðum jafnframt náminu, lýkur hann þar prófi árið 1901 með ágætri einkunn og öðlast sem fyrsti Íslendingur rjettindi til þess að taka að sjer vjelstjórn á stærstu línumskipum.

Um þetta leyti var rafmagnið að ryðja sjer til rúms meðal hinna helstu menningarþjóða og áhugi vaknar nú hjá Halldóri fyrir því, að halda til Pýskalands til þess að nema þar hina nýju tækni, sem á eftir að gjörbreyta lifnaðarháttum þjóðanna — rafmagns tæknina.

Hinn ungi maður hefir skilið það á undan flestum samlöndum sínum, að rafmagnið á ekki síst erindi til ættlands hans Íslands.

Umsókn sendri Alþingi — um styrk til að nema raffræði — er hafnað, þrátt fyrir ágæt meðmæli fjelags íslenskra iðnaðarmanna í Kaupmanna-



Halldór Guðmundsson.

höfn. En ekki verður þetta að fótakefli. Þrátt fyrir fjárvort og ýmsa aðra erfiðleika er námið hafið árið 1902 í Berlin og prófi lokið í raffærði 30. september 1903.

Framundan blasti nú við hið ónumda framtíðarland: Ísland með fossum og flúðum — þjóð er sat í myrkri og kulda. Nú skyldi beisla fossana og veita orkustraumum yls og ljóss inn á sem flest heimili og sjá iðnaðinum fyrir hagnýtu hreyfiafla.

Fyrstu vatnsafsstöðvar eru nú reistar úti um sveitir landsins og

smám saman tekur draumurinn að rætast . . .

Hjer er ekki rúm til þess að rekja æfiferil brautryðjandans Halldórs heitins Guðmundssonar, fyrsta rafmagnsfræðings þessa lands. Fyrirtæki hans Halldór Guðmundsson & Co., er rak all-umfangsmikla starfsemi á svíði rafmagnsíðnaðar og verslunar, lagðist niður frá fráfall Halldórs árið 1924.




— Fyrirtæki vort, Gísli Halldórsson h.f., er einskonar áframhald af fyrirtæki Halldórs Guðmundssonar og runnið af sömu rótum.

Vjer viljum — eins og hann — vinna að aukinni og bættri tækni í landinu.



— Á þessum hátíðisdegi íslensku þjóðarinnar hefir oss þótt rjett að minnast eins af brautryðjendum hennar á verklega svíðinu. Mun það mál sannast, að í framtíðinni er eigi alllítið undir því komið að þjóðin megi eignast sem flesta slika menn og kunna að meta þá og hugsjónir þeirra að verðleikum.

Með nýjum, hagnýtum og mikilvirkum vjelum mun hin íslenska þjóð lyfta þeim grettistökum, er liggja á vegum hennar í framtíðinni og skapa sjer á ný ódaðlega menningu.



GÍSLI HALLDÓRSSON H.F. VERKFRÆÐINGAR OG VJELASALAR

MYND AF EINOKUNINNI

Eftir dr. Odd
Guðjónsson

Í DAG rætist margra alda draumur íslensku þjóðarinnar. Langþráðum áfanga er náð. Þjóðin sá að vísu bennan áfanga á köflum aðeins í hyllingum óraunhæfra vona, en bestu og framsýnustu sonum hennar stóð hann þó altaf skýrt fyrir sjónum. Á síkum tímamótum hæfir vel að líta um öxl um farinn veg þótt hugurinn beinist frekar fram á leið, að þeim verkefnum, sem biða þjóðarinnar undir glæsilegum fána íslenska lýðveldisins.

En þetta tvent, að horfa um öxl og fram á veg, getur í bessu tilfelli verið fólgð í einu og sama atriðinu: ihugun á sögu okkar. Sagan er í senn lif og starf þjóðarinnar á liðnum tíma og leiðarljós á óförnum vegi hennar. Sumt hefir vel vérið gert og getur verið til fyrimyndar. Annan hefir leitt til ósarnaðar og ber að varast.

★
Einn er sá þáttur í sögu þjóðarinnar á liðnum öldum, sem öðrum fremur hefir reirt hana fjörum ófrelsis og niðurlægingar. Það er einokunin 1602—1786. Pessi kaldrifjaða en skipulagða þrælkun hafði, þegar henni var afliðt, nær gengið af þjóðinni dauðri. Nálega hungurmorða, með lamað sjálfsbraust og sljógaða sjálfsbjargarviðleitni var þjóðin um langan aldur vanmegnug þess að hefjast handa og hrista af sjer slenið.

Hvert mannsbarn á þessu landi, sem komið er til vits og ára, hefir að vísu lesið um þetta hryggilega tímabil. En þrátt fyrir alt dreg jeg í efa, að við nútímmann gerum okkur sem skyldi fyllilega ljóst, hve að þjóðinni var krept á þessu tímabili og hve metnaður hennar og frjálshugur var særður djúpu sári.

★
Í skjalasafni Verslunarráðs Íslands er sögulegt plagg frá þessum tíma, sem á eftirminnilegan hátt dregur upp mynd af umkomuleysi og niðurlægingu þjóðarinnar, er ok einokunarverslunarinnar var að verða óbærilegt.

Plagg það, sem hjer um ræðir, er upphoðsauglysing á íslensku versluninni, og er birt mynd af því með linum þessum. Auglysing þessi þarf í raúninni ekki skýringa við. Efni hennar og boðskapur sýna einokunina eins og hún birtist í sinni ógeðslegustu mynd. Fljettast þar saman hin takmarkalausa grímd, sem í því er fólin, að lífsafkoma heillar þjóðar er gerð að verslunarvörú á erlendum vettvangi og lítilsvirðingin fyrir rjetti og frelsi þess fólks, sem við slíka áþján að búa.

Yfirleitt er hjer alt á sömu bókina lært. Viðskiftakúgunin, lítilsvirðingin fyrir þjóðinni, sem þannig er leikin og tungu hennar. Tvær og tvær verslunarhafnir, jafnvel sitt í hverjum landfjórðungi, eru spyrtar saman í eitt á upphoðinu þ. 6. des. 1758, en nöfn verslunarstaðanna svo bjögud, að naumast verður lengra farið.

Framh. á bls. 17.

PLACAT.

Gans Kongelig Majestets til Danmark og Norge, ic.
DEPUTEREDE for FINANCERNE og Tilsforordnede
udi Kammer-COLLEGIO; Giore vitterligt: At, efter Hans

Kongelig Majestets Allernaadigste Besaling, bliver Handelen paa Island og Fjordmarchen, de tvende Islandse Havne Holmen og Husevig undtagen, udi Kammer-Collegio Onsdagen den 6te Decembirs forstórmende Møllen 9 Formiddag, til nye og separat Forpagtning udi Sez Aar, fra næstkomende 1759 Aars Begyndelse til 1764 Aars Udgang, opbyden, paa de af Hans Kongeligt Allernaadigst approberede Conditioner, og samme Handel de Høystbynde paa nærmere Allernaadigste Approvalation tilslagen, nemlig:

1.) De udi Island værende Handels Havne saaledes inddelte, som følger:

Westmanee Fisser-Havn, tilligemed Wapnesfjord Slagter-Havn.

Drebbach, som er baade Fiske- og Slagter-Havn.

Grindevig og Boesand, begge Fisser-Havne, tilligemed Haabsaas Slagter-Havn.

Kieblevig, Fisser-Havn, med Schagestrand og Rechesfjord, som ere Slagter-Havn.

Hauenesfjord, Fisser-Havn, med Øesfjord Slagter-Havn.

Budenstad Fisser-Havn, med Nodessfjord Slagter-Havn.

Nevet og Ølufsvig, Fisser-Havn.

Gronnesfjord og Commerweg Fisser-Havn.

Stappen, Fisser-Havn, tilligemed Berresfjord Slagter-Havn.

Stichelsholm, som er baade Fiske- og Slagter-Havn.

Patrissfjord, Fisser-Havn.

Bidal, Fisser-Havn.

Issefjord, Fisser-Havn.

og Dyrefjord, Fisser-Havn.

og 2.) Handelen paa Fjordmarchen for sig selv.

Forbemelde Forpagtnings-Conditioner kan, forinden Auctionen foretages, erfares her paa Rente-Kammeret udi Tronhiems Stift, Island og Færernes, saavel som Bergens Distrikts-Contoirer.

Og bliver ellers til de Lysthavenes Esterretning belængt.

1.) At det tillades alle og enhver Hans Kongel. Majest. Undersætter udi begge Rigerne Danmark og Norge, saavel som Hertugdommet Slesvig, herpaa at giore Bud, og at Ubredningen fra de Steder, hvor de Høystbynde ere boesadte, maa besorges.

og 2.) At Hans Kongel. Majestet til den Islandse Handels og Landets Beste og Øplomst, Allernaadigst udi de 3de første Forpagtnings Åar vil estrigive Halvdelen af den forbemelde der værende Havne udlovene Forpagtnings Afgift.

Thi vilde de Lysthavenes med deres Bud til forbererte Tid sig inðsiude, og ellers vere betenkte paa, for det Bud, som paa Auctions-Stedet gjores, om det maatte blive forlanget, suffisant Caution af præstere. Rente-Kammeret, den 21de Octbr. Anno 1758.

Under Kammer COLLEGII Seigl.



PÝDING:

Hans konunglega Hátign Danmerkur og Noregs etc. stjórnarherrar fjármálanna og þeir, sem skipaðir eru til sætis i Kammer-Kollegiu,

gera kunnugt: Að miðvikudaginn 6. Decbr. næstkomandi, klukkan 9 árdegis, verður verzlinin á Íslandi og Finnmark, að undanteknum tveimur íslenzkum höfnum, Hólminum og Húsavík, boðin upp i Kammer-Kollegiu til nýrrar og sjerstakrar leigu um sex ár, frá ársbyrjun 1759 til ársloka 1764, með þeim skilmálum, sem Hans konunglega Hátign hefir allranáðugast staðfest, og veitt hæstbjóðanda með nánara allranáðugasta samþykki, það er:

1) Þær verslunarhafnir á Íslandi, sem hjer eftir verða taldar, þannig sundurgreindar:

Fiskihöfn Vestamannaeyja og þar með slátrunarhöfnin á Vopnafirði.

Eyrarbakki, sem er bæði fiski- og slátrunarhöfn.

Grindavík og Básandar, báðar fiskihafnir, einnig Hofsós slátrunarhöfn, Keflavík, fiskihöfn, með Skagaströnd og Reykjafirði, sem eru slátrunarhafnir.

Hafnarfjörður, fiskihöfn, og Eyjafjarðar slátrunarhöfn. Búðir, fiskihöfn með Reyðarfjarðar slátrunarhöfn. Rif og Ólafsvík, fiskihafnir. Grundarfjörður og Kumbaravogur, fiskihafnir. Stapinn, fiskihöfn, einnig Berufjarðar slátrunarhöfn. Stykkishólmur, sem er bæði fiski- og slátrunarhöfn. Patreksfjörður, fiskihöfn. Bíldudalur, fiskihöfn. Ísafjörður, fiskihöfn, og Dýrafjörður, fiskihöfn.

og 2) Verslunin á Finnmark út af fyrir sig.

Nefndir leiguskilmálar eru til sýnis, áður en upphoðið verður haldið, hjer í rentukamerinu, í umdæmaskrifstofum Prændheimsstiptis, Íslands og Færeysja, einnig Björgvinar.

Að öðru leyti kunngerist til leiðbeiningar þeim, sem kunna að gera boð:

1) Að leyfilegt er einum og sjerhverjum þegni Hans konunglegu Hátignar, í báðum ríkjunum, Dánmarku og Noregi, einnig í hertogadænum Sljessvik, að bjóða í verzlinina, og að leiguna verður að inna af hendi frá þeim stöðum, þar sem hæstbjóðendur eiga heima.

og 2) Að Hans konunglega Hátign allranáðugast ællast til, að helmingnum af leigunni, sem lofuð er, eftir nefndar hafnir þrjú fyrstu leiguárin, verði gefin eftir til gagns og góða íslenzku verzlininni og landinu í heild. Fyrir því skulu lysthafendur gefa sig fram með boð sín fyrir nefndan tíma og vera við því búnir, ef krafist yrði, að setja fullnægjandi tryggingu fyrir því boði, sem þeir gera á upphoðstaðnum.

Undir innsigli Kammer-Kollegiisins.

Rentolæderi, þ. 21. Octbr. Anno 1758